

BIRNA ÞÓRÐARDÓTTIR
Fetar í fótspor kattanna
bílar nám ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



PÁLL MAGNÚSSON
Útvarpsstjóri fær
ríflaga launahækkun
Stjórnarandstöðupingmenn ósáttir
FÓLK 34





FERMINGARBÆKLINGUR
OFFICE 1 FYLGIR
FRÉTTABLAÐINU Í DAG.
Office 1 Superstore
FERMINGAR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. mars 2007 — 79. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Puccini-tvenna

Ingólfur Niels Árnason leikstýrir Óperustúdíói Íslensku óperunnar sem flytur tvær stuttar óperur Puccinis í kvöld.

MENNING 24



Afnám hernáms

„En hernám bitnar ekki aðeins á hinum hernumdu,“ skrifar Ólafur Hannibalsson. „Það hefur líka sín áhrif á hugarfar og gerðir herraþjóðanna.“

Í DAG 18

Mirren leiki Thatcher

Hannes Hólmsteinn Gissurarson vill að Helen Mirren leiki Margaret Thatcher í mynd um stjórnmálaskörunnginn.

FÓLK 26


KR og Grindavík áfram

KR og Grindavík voru síðustu liðin sem tryggðu sér sæti í undanúrslitum Íslandsmótsins í körfubolta í gær þegar oddaleikir fóru fram.

ÍPRÓTTIR 30



VEÐRIÐ Í DAG



STORMUR NORÐVESTAN TIL - Í dag verður hvöss suðvestan átt á norðvesturfjórðungi landsins með snörpum hviðum, annars yfirleitt hægari. El vestan til en bjartviðri fyrir austan. Hiti 0-7 stig, mildast austan til.

VEDUR 4

NÝJAR
VÖRUR

PARKET- OG
FLÍSADAGAR



Egill
Árnason hf

Ármúla 8 Reykjavík · Baldursnesi 6 Akureyri

Landeigandi stöðvar gröfu á hverasvæðinu við Geysi

Bræður sem eiga hlut í Geysi eru ósáttir við að Umhverfisstofnun hleypti beltagröfu inn á svæðið til að ná í svokallaða konungssteina. Bræðurnir eru sagðir nýta sér málið til að fá ríkið til að kaupa hlut þeirra í landinu.

UMHVERFISMÁL „Þetta er forkastanlegur verknadur,“ segir Bjarni Sigurðsson, einn landeigenda, um akstur beltagröfu ofan við hverasvæðið við Geysi í Haukadal.

Að sögn Bjarna var það í ljósaskiptunum 2. mars að Þórir bróðir hans sá hvar beltagrafa var á ferð í hlíð þar sem þrír svokallaðir konungssteinar eru ofan við Geysi. Þórir fékk stjórnanda gröfunnar til að hætta aðgerðum. Þá hafði einn konungssteinninn verið fluttur niður að vegi þar sem hann stendur enn. Bjarni segir gröfuna hafa skilið eftir ljót sár.

Verkið segja bræðurnir unnið að fyrimælum Sigurðar Skagfjörð, tengdasonar bróður þeirra Þóris og Bjarna, Greips Sigurðssonar, sem nú er

látinn. Ekkja Greips er meðal eigenda landsins. Ríkið á einnig hlut í svæðinu. Ekki náðist í Sigurð í gær.

Ætlunin er að færa konungssteinana þrjá í smíðju til lagfæringa. Þeir eru til minningar um heimsóknir þriggja Danakonunga til Íslands. Nöfn þeirra og ártöl heimsóknanna eru grafin í steinana og eru áletranirnar farnar að mást.

„Ég botna ekkert í Umhverfisstofnun að heimila að fara með þunga beltavél þarna inn án leyfis frá landeigendum,“ segir Bjarni.

Árni Bragason, forstöðumaður náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar, segir að fallist hafi verið á að konungssteinarnir yrðu fluttir í smíðju til að tryggja vönduð vinnubrögð. Forn-

leifanefnd ríkisins hafi leyft flutninginn. Umhverfisstofnun hafi fyrir sitt leyti heimilað að farið yrði með gröfu inn á svæðið.

„Steinarnir teljast fornminjar og eru því eign þjóðarinnar. Einhverjir landeigendur æstu sig upp sem telja sig eiga meira en þeir eiga,“ segir Árni, sem telur bræðurna vera að nýta sér málið í eiginhagsmunaskyni.

„Það sem fyrst og fremst er í gangi þarna er að þeir sem eiga þarna hlut á móti ríkinu sætta sig ekki við þann seinagang sem ríkið hefur verið með varðandi viðræður um kaup á landi á svæðinu. Besta ráðið til að þrýsta á það er að vera með leiðindi,“ segir Árni Bragason.

- gar/shá



FARMUR FAUK Betur fór en á horfðist þegar skjólborð fuku af vörubíl á Reykjanesbraut í gær. Skjólborðin og farmur bílsins höfnuðu á tveimur fólksbílum sem skemmdust töluvert. Ekki urðu slys á fólki en mjög hvasst var á svæðinu sem og víðast hvar á Suður- og Vesturlandi. Margir lentu í vandræðum vegna veðurs og björgunarsveitir voru víða kallaðar til.

-þo/ sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flokkur Ómars og Margrétar:

Býður fram á landsvísu

STJÓRNMÁL Framboð Ómars Ragnarssonar fréttamanns og Margrétar Sverrisdóttur borgarfulltrúa hefur tryggt nægilega margar undirskriftir til að bjóða fram lista í öllum kjördæmum fyrir alþingiskosningarnar í vor. Ómar vildi í viðtali við Fréttablaðið í gærkvöldi ekki staðfesta að flokkurinn færi fram undir nafninu Íslandsflokkurinn. Hann sagði önnur nöfn, eins og Íslandshreyfingin, einnig koma til greina.

Aðspurður sagði Ómar það ekki öruggt að hann og Margrét myndu leiða lista flokksins í Reykjavíkurborgardæmunum tveimur. „Það er ekki búið að ráðstafa neinu slíku. Við förum fram þar sem okkar verður helst þörf.“ Ómar segir ekki langt þangað til framboðið kynnir áform sín en það taki tíma að setja saman flokk með margmála stefnuskrá.

- shá

Barcelona-treyja árituð af Eiði Smára Guðjohnsen boðin upp til styrktar Völsungi:

Kemst vonandi upp um deild

ÍPRÓTTIR „Það er frábært að heyra að Völsungur, sem fjölskylda mín á rætur að rekja til, hafi fengið peninga fyrir treyjuna. Vonandi hjálpar þetta knattspyrnuliði félagsins að komast upp um deild,“ sagði Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirlíði íslenska landsliðsins í knattspyrnu, í gær en Barcelona-treyja árituð af honum seldist á 260 þúsund krónur á herrakvöldi Völsungs sem haldið var laugardaginn 14. mars á Hótel Húsavík.



GUNNLAUGUR MEÐ TREYJUNA Gunnlaugi tókst á endanum að yfirbjóða aðra sem höfðu áhuga á treyjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNES

Arnór Guðjohnsen lék á sínum yngri árum með Völsungi líkt og faðir hans Eiður.

Karlalið meistaraflokks Völsungs í knattspyrnu leikur í 2. deild en kvennaliðið í B-riðli fyrstu deildar.


Gunnlaugur Karl Hreinsson, eigandi GPG-fiskverkunar, sem er með höfuðstöðvar á Húsavík, hreppti treyjuna en nokkur fjöldi gesta á herrakvöldinu bauð í treyjuna.

- mh

Helgarævintýri á Akureyri

Komdu
nordur!

GEIMSTOFN



Einungis helmingur hitaeninga en sama ljúffenga bragðið.

HELLMANN'S

-gerir bragðið betra!

SPURNING DAGSINS



Geir Jón, vorar snemma í vesturbænum?

„Það vorar víða snemma í þessum garði.“

Lögreglan fann tíu kannabisplöntur og áhöld til kannabisræktunar í húsi í vesturbænum á laugardagskvöld. Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.



HERKÚLES Í KEFLAVÍK Vélín átti klukkustundarflug eftir þegar óskað var eftir öryggislandingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Bandarísk herflutningavél:
Lenti í Keflavík vegna bilunar

FLUG Bandarísk Herkúles herflutningavél þurfti að lenda á Keflavíkurflugvelli í gærkvöldi vegna bilunar í vökvakerfi vélarinnar. Vélín lenti heilu og höldnu á flugvellinum rétt fyrir hálfsjö. Flugmenn vélarinnar urðu síðan að setja hjól og vængbörð niður handvirkt fyrir landingu. Alls 22 farþegar voru um borð í flugvélinni.

Að sögn Friðþórs Eydals, fulltrúa flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, voru björgunarsveitir og slökkvilið sett í viðbragðsstöðu. Vélín var að koma frá herstöð Bandaríkjamanna í Thule á Grænlandi.

- shá

Lést í slysi á Reyðarfirði

Karlmaðurinn sem lést í vinnuslysi á Reyðarfirði á mánudag hét Þórhallur Jónsson. Þórhallur var 74 ára að aldri, fæddur 8. desember 1933. Hann var búsettur að Víðilundi 6c á Akureyri og lætur eftir sig eiginkonu og þrjú uppkomin börn.

Þórhallur, sem var starfsmaður BM Vallár, var að tengja dráttarvagn við vörubifreið þegar hann klemmdist á milli bifreiðarinnar og vagnsins. Hann lést af áverkum sínum og lífgunartilraunir á slysstað báru ekki árangur.

Að ósk aðstandenda er ekki birt mynd af Þórhalli.

BÍLL DAGSINS

SUBARU LEGACY WAGON

Nýskr. 03.01 - Sjálfskiptur - Ekinn 143 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð 950.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

21. mars 2007

MÍÐVIKUDAGUR

Harður árekstur á gatnamótum Snorrabrautar og Egilsgötu:

Tveir voru fluttir á slysadeild



SLYS Á SNORRABRAUT Ökumenn beggja bílanna voru fluttir á slysadeild.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vélarvana undan Sandvík:

Sólborg dregin til lands



SJÁVARÚTVEGUR Varðskip dró dragnótarbátinn Sólborgu RE-270 til lands í gær. Vaktstöð siglinga fékk upplýsingar um að Sólborgin væri vélarvana og með bilaða kúplingu um klukkan tvö en þá var báturinn við veiðar skammt undan Sandvík.

Slæmt veður var á svæðinu. Um klukkan 17 var varðskip komið með Sólborgu í tog og var hún væntanleg til hafnar seint í gærkvöld. Sólborgin er 115 tonna dragnótarbátur, gerður út frá Reykjavík.

Fimm eru í áhöfn og engan þeirra sakaði.

- þo

Byrgisfólk enn heimilislaust

Húsnæðismál fólksins sem var í Byrginu þegar því var lokað eru í ólestri, að sögn Jóseps Hjálmars Sigurðssonar. Sjálfur hefur hann tekið þrjá húsnæðislausa pilta upp á sína arma. Hann segir fólk í húsnæðishraki dreifast víða.

FÉLAGSMÁL

Húsnæðismál fólks sem dvaldi í Byrginu þegar því var lokað eru í ólestri eins og staðan er nú. Þetta segir Jósep Hjálmar Sigurðsson, sem dvaldi ásamt fjölskyldu sinni í Byrginu þar til starfsemi þar var hætt.

Jósep Hjálmar, kona hans og þrjú börn eru sjálf í góðum málum. Þau eiga von á að fá afhent nýtt hús sem þau keyptu og eru að innrétta á Suðurlandi. Ekki er sömu sögu að segja af öðru fólki úr Byrginu sem Jósep Hjálmar hefur fylgst með.

„Ég veit um 7 til 8 manna hóp sem skiptist niður á Hlaðgerðarkot, Krossinn, Selfoss og Stokks eyri,“ segir hann. „Að öðru leyti er fólkið úr Byrginu dreift hingað og þangað, sumir komnir í neyslu aftur.“ Sjálfur hefur Jósep Hjálmar tekið þrjá pilta, sem ekki eiga í nein hús að venda, upp á sína arma. Þeir eru edrú, búa hjá þeim hjónum og fá þar að borða.

Einn þessara pilta leitaði á náðir félagsmálayfirvalda í Reykjavík, að sögn Jóseps, til að biðja um 35 þúsund króna fjárstyrk á mánuði til að geta að minnsta kosti leigt sér herbergi og komist út á vinnumarkaðinn. Hann kom aftur austur með það úrræði í farteskinu að sér hefði



FÓLK ÚR BYRGINU Í HÚSNÆÐISHRAKI Auk þess sem Jósep Hjálmar nefnir að ofan er Fréttablaðinu kunnugt um hóp fólks úr Byrginu sem er í brýnni þörf fyrir húsnæði, þar á meðal stúlkur sem kært hafa Guðmund Jónsson fyrir kynferðislega misneytingu. Þetta fólk biður úrræða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verið boðið að halda áfram í meðferð annars staðar.

„Þessi drengur er búinn að vera edrú í tvö ár,“ segir Jósep, ómyrkur í máli. „Eftir að hafa fylgst með afdrifum margra sem voru samtíma mér í Byrginu get ég fullyrst að kerfið rekur þetta fólk út í enn meira volæði. Það getur þrjóskast við í einhvern tíma en svo gefst það upp og dettur í það. Forræðisbyggja félagsmálayfirvalda er svo yfiringengileg. Það sem þau segi og geri sé rétt. En það er ekki tekið

á málum hjá hverjum einstaklingi fyrir sig, þótt það gefi auga leið að þau eru eins mismunandi og þeir eru margir. Þetta er ómurgleg staða í margumræddu velferðarþjóðfélagi. Svo skulum við ekki gleyma því að það er miklu meiri kostnaður samfara því að planta einhverjum inn á stofnun heldur en að útvega viðkomandi húsnæði, svo hann geti fengið sér vinnu og orðið maður með mönnum í samfélaginu, sem er það sem flestir úr Byrginu vilja.“

jss@frettabladid.is

Samkomulag ráðuneyta heilbrigðismála og félagsmála:

Byrgisfólkið fari í Arnarholt

Arnarholt á Kjalarnesi verður búsetu- og þjónustuúrræði fyrir fólkið, sem áður dvaldi í Byrginu. Um þetta hafa ráðuneyti félagsmála og heilbrigðismála komist að samkomulagi. Ráðuneytin hafa óskað eftir viðbrögðum fjárlaganefndar Alþingis við þessari niðurstöðu, en nefndin óskaði eftir því að þau úrræði sem gengið yrði til yrðu borin undir nefndina til samþykki eða synjunar, þar sem félagsmálaráðuneytið væri að véla með þrjátíu milljónir króna sem ella hefðu runnið til Byrgisins á þessu ári.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að vista að minnsta kosti 20-30 manns í Arnarholti.

Tæp fjögur kíló af fíkniefnum fundust í bifreið sem flutt var frá Þýskalandi:

Gæsluvarðhald yfir meintum fíkniefnasmyglurum framlengt



FÍKNIEFNI Frekari yfirheyrslur yfir meintum samverkamönnum mannanna tveggja eru fyrirhugaðar. Mennirnir eru í haldi fyrir innflutning á tæpum fjórum kílóum af kókaíni.

DÓMSMÁL

Tæp fjögur kíló af fíkniefnum sem reynt var að smygla hingað til lands voru falin í mælaborði bifreiðar sem flutt var hingað frá Þýskalandi í nóvember með Samskipum.

Tollgæsla fann í bifreiðinni tæp fjögur kíló af kókaíni og 37 grömm af amfetamíni. Lögregla skipti efnunum út fyrir gerviefni.

Í febrúar sótti karlmaður loks bílinn og ók honum skömmu síðar að sveitabæ á Suðurlandi og þar inn í skemmu.

Lögreglan handtók hann svo þegar hann kom aftur til Reykjavíkur. Nokkrum dögum síðar handtók lögreglan annan mann, sem játaði að hafa verið með í för með hinum fyrri og losað efnin úr mælaborði bifreiðarinnar.

Í greinargerð lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins kemur fram að fyrirhugaðar séu frekari yfirheyrslur yfir meintum samverkamönnum mannanna tveggja.

Beðið sé bankaganga, auk þess sem unnið sé að úrvinnslu annarra gagna, þar á meðal símagagna.

Annar maðurinn er grunaður um að tengjast skipulagningu, milligöngu og móttöku efnanna. Hinn er grunaður um móttöku og milligöngu. Við þessu liggur allt að tólf ára fangelsi. Héraðsdómur úrskurðaði mennina í gæslu til 11. maí og Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn.

- jss

VORTILBOÐ TIL VILDARKLÚBBBSFÉLAGA

Í PUNKTUM OG PENINGUM



BALTIMORE/ WASHINGTON

34.900 kr. + 10.000 punktar*
Ferðatímabil 18. apríl - 15. maí (síðasta heimkoma).

LONDON

19.900 kr. + 10.000 punktar*
Ferðatímabil 11. apríl - 15. maí (síðasta heimkoma).

KAUPMANNAHÖFN

19.900 kr. + 10.000 punktar*
Ferðatímabil 11. apríl - 15. maí (síðasta heimkoma).

SN/JS H2Z 30274 03/07

Fargjöld á þessu tilboði er aðeins hægt að bóka annað hvort hjá sölu-
deildum Icelandair eða hjá Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100.
Fargjöld skv. þessu tilboði er ekki hægt að bóka beint á www.icelandair.is.
Sölutímabil: 21. mars til og með 23. mars.

+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is



Safnaðu
Vildarpunktum



Ferðaávisun gildir



Vildarklúbbur

GENGIÐ 20.03.2007		
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA
	Bandaríkjadalur	66,76 67,08
	Sterlingspund	130,55 131,19
	Evra	88,63 89,13
	Dönsk króna	11,899 11,969
	Norsk króna	10,871 10,935
	Sænsk króna	9,517 9,573
	Japanskt jen	0,5664 0,5698
SDR		100,71 101,31
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		120,8981
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Bilun hjá Heimsferðum: Prettán tíma töf til Kanarí

FERÐALÖG Miklar seinkanir urðu á flugi hjá Heimsferðum í gær vegna bilunar í þotu frá Jetex, dótturflugfélags ferðaskrifstofunnar.

Tómas Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða, segir að þegar farþegar höfðu stigið um borð í þotuna í Barcelona í fyrrkvöld hafi komið í ljós bilun vegna leka í vélinni og farþegarnir verið sendir á hótél. Ekki hafi reynst unnt að útvega nýja vél en gert hafi verið við þotuna sem flogið hafi frá Barcelona eftir hádegi í gær. Vegna þessa hafi flugi til Fuerteventura í Kanaríeyjaklasanum seinkað frá því klukkan sjö í gærmorgun til klukkan átta í gærkvöldi. Farþegar á Fuerteventura sem koma áttu heim í gær hafi ekki komist heim fyrr en í nótt.

BORGARBYGGÐ

Andvíg sumarlokun

Foreldrar leikskólabarna í Borgarbyggð hafa skilað inn undirskriftalistum með mótmælum gegn ákvörðun bæjaryfirvalda að loka leikskólum sveitarfélagsins í fjórar vikur í sumar. Kanna á viðhorf foreldranna til sumarlokunar árið 2008.

LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu síðastliðinn mánu- dag var sagt frá tveimur mönnum sem frömdu fjölda afbrota á síðasta ári. Á einum stað í fréttinni stendur að mennirnir hafi dvalið á Hótel Holti í tvær nætur. Hið rétta er að þeir dvöldu þar í nokkra klukkutíma áður en starfsfólk lét yfirhöfð vita að ekki væri allt með felldu.

Síminn stofnar nýtt fyrirtæki um rekstur, uppbyggingu og viðhald fjarskiptanets:

Markaðsvirði 22,5 milljarðar

FJARSKIPTI Síminn hefur stofnað nýtt fyrirtæki um rekstur, uppbyggingu og viðhald fjarskiptanets undir nafninu Míla. Míla tekur við þeirri starfsemi sem áður tilheyrði heildsölu Símans, viðhaldi og rekstri á fjarskiptanetinu og áframhaldandi þróun og uppbyggingu á því. Höfuðstöðvar fyrirtækisins verða í Reykjavík, en starfsstöðvar verða á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og fleiri stöðum á landsbyggðinni. Starfsmenn Mílu verða um 220 talsins í fyrstu.

Míla hefur formlega rekstur 1. apríl næstkomandi en stofnun fyrirtækisins var samþykkt á aðalfundi Símans sem haldinn var í lok

síðustu viku. Á fundinum runnu tilteknir eignarhlutar í Símanum hf. og dótturfélaga inn í sérstakt hlutfélag, Skipti hf., sem verður móðurfélag samstæðunnar. Páll Á. Jónsson, framkvæmdastjóri Mílu, segir að eftir vangaveltur um sölu fjarskiptanetsins til Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið ákveðið að stíga skrefið til fulls með því að stofna sjálfstætt fyrirtæki. „Viðskiptavinir Mílu eru þá Síminn sjálfur auk ljósvakamiðla, Voda-phone og annarra sem aðgang hafa að fjarskiptanetinu.“ Aðspurður segir Páll jafnframt að óverulegar breytingar verði á starfsmannahaldi með stofnun Mílu og ársvelta fyrirtækisins verði um



NÝTT UPPHAF Nokkrir starfsmenn Mílu klæddust fötum merktum nýju fyrirtæki sem var táknrænt fyrir nýja tíma.

MYND/KOM PR

sex milljarðar króna. „Markaðsvirði Mílu er um 22 milljarðar sem er sú upphæð sem var nefnd í viðræðum Símans og Orkuveitunnar á sínum tíma, segir Páll.

- shá

Ísraelar reiðir Norðmönnum:

Afboða fundi með ráðherra

ÍSRAEL, AP Ísraelsk stjórnvöld afboðuðu í gær fundi sem fyrirhugaðir höfðu verið með norska aðstoðarutanríkisráðherranum Raymond Johansen. Afboðunin var í mótmælaskyni við að Johansen skyldi daginn áður hafa hitt ráðherra úr röðum hinna herskáu Hamas-samtaka Palestínumanna.

Johansen varð fyrsti ráðherrann frá vestrænu landi sem heimsótti Hamas-ráðherra. Í heimsóknina fór hann í framhaldi af því að norska ríkisstjórnin varð sú fyrsta á vesturlöndum til að viðurkenna hina nýju samstjórn Hamas og hinnar hófsamari Fatah-hreyfingar.

- aa



MÓTMÆLI GEGN ÍRAKSSTRÍÐINU Þessi mynd er tekin í Seattle á mánudaginn þegar hundruð manna kröfðust þess að stríðsrekstrinum yrði hætt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjórði maðurinn tekinn af lífi í Írak

Taha Jassin Ramadan hélt því jafnan fram að hann hefði engan þátt átt í fjöldamorðunum í Dujail árið 1982. Í upphafi fimmta árs stríðsins var hann hengdur.

BANDARÍKIN, AP Nóttina eftir að fjögur ár voru liðin frá byrjun Íraksstríðsins var Taha Jassin Ramadan, fyrrverandi aðstoðarforseti Íraks, hengdur í Bagdad. Ramadan er fjórði maðurinn sem tekinn er af lífi fyrir aðild að morðum á 148 sjóm í bænum Dujail norðantil í Írak árið 1982. Hinir voru Saddam Hussein forseti, Barzam Ibrahim, hálfbróðir Saddams, og Awad hamed al-Bandar, fyrrverandi yfirdómari.

Ramadan hélt alla tíð fram sakleysi sínu í þessu máli, sagðist eingöngu hafa sinnt efnahagsmálum en hvergi komið nærri öryggismálum.

Bush forseti sagði í sjónvarpsávarpi á mánudagskvöld að nú

þyrfti fólk að sýna biðlund. Öryggisátakinu, sem hófst fyrir nokkrum vikum og ætlað er að tryggja frið í höfuðborginni Bagdad, yrði ekki lokið á næstu dögum eða vikum heldur myndu nokkrir mánuðir líða áður en það færi að skila árangri.

Viða í Bandaríkjunum var um helgina og á mánudaginn efnt til mótmælafunda gegn stríðinu í Írak í tilefni þess að það hefur staðið yfir í fjögur ár. Fjölmennustu mótmælin á mánudag voru í Seattle, Salt Lake City og Trenton í New Jersey.

Mótmælendurnir beindu spjótum sínum ekki aðeins gegn stjórninni og Repúblíkanaflokknum, því hópur fólks safnaðist saman fyrir

utan heimili Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar þingsins, og hvöttu hana til að beita sér af meiri krafti fyrir því að bundinn yrði endi á stríðið í Írak.

Síðar í vikunni er reiknað með því að fulltrúadeildin greiði atkvæði um brotthvarf hersins frá Írak. Demókratar, undir forystu Nancy Pelosi, settu inn í frumvarp um aukio fjármagn til Íraksstríðsins ákvæði um að brotthvarfi hersins yrði lokið í ágúst á næsta ári. En jafnvel þótt fulltrúadeildin samþykki brotthvarfið þykir ólíklegt að nægilega margir þingmenn greiði því atkvæði sitt í öldungadeildinni, þegar frumvarpið fer þangað til meðferðar á næstu vikum.

gudsteinn@frettabladid.is



TAHA JASSIN RAMADAN

FJÓRIR LÍFLÁTNIR, FLEIRI BÍÐA DÓMS

Fjórir fyrrverandi ráðamenn í Írak hafa nú verið teknir af lífi en fleiri bíða dóms:

- Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksforseti. Sakfelldur fyrir morð, nauðungarbrotflutninga á fólki og pyntingar. Tekinn af lífi 30. desember.
- Barzan Ibrahim, hálfbróðir Saddams og fyrrverandi yfirmaður leynipjónustunnar. Sakfelldur fyrir morð, nauðungarbrotflutninga og pyntingar. Tekinn af lífi 15. janúar.
- Awad Hamad al-Bandar, fyrrverandi yfirmaður Byltingardómstólsins. Sakfelldur fyrir morð. Tekinn af lífi 15. janúar.
- Taha Jassin Ramadan, fyrrverandi varaforseti. Sakfelldur fyrir morð, nauðungarbrotflutninga, pyntingar og ómannúðleg verk. Dæmdur í ævilangt fangelsi en áfrýjunardómstóll sagði dóminn of vægan. Tekinn af lífi 20. mars.
- Ali Hassan al-Majid, frændi Saddams og fyrrverandi yfirmaður norðurdeildar Baath-flokksins. Bíður dóms.
- Sabir al-Douri, fyrrverandi yfirmaður herleynipjónustunnar. Bíður dóms.
- Sultan Hashim Ahmad al-Tai, fyrrverandi varnarmálaráðherra og herforingi. Bíður dóms.
- Taher Tawfiq al-Ani, fyrrverandi ríkisstjóri í Mosul og formaður Norðurlandsnefndarinnar. Bíður dóms.
- Hussein Rashid Mohammed, fyrrverandi aðstoðaryfirmaður í Íraksher. Bíður dóms.
- Farhan Mutlaq Saleh, fyrrverandi yfirmaður austurdeildar herleynipjónustunnar. Bíður dóms.
- Tariq Aziz, fyrrverandi utanríkisráðherra. Hefur enn ekki verið ákærður en er í haldi Bandaríkjahers.

Páskasnjórinn



er í boði
Vina Hlíðarfjalls

Vinir Hlíðarfjalls eru:







Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLÝNÁR AFTUR

Á MORGUN

Enda þótt vel hafi hlýnað í gær er talsverður niðurdráttur í hitanum í dag á landinu vestanverðu. Hins vegar er meira af hlýju lofti á leiðinni því strax á morgun gengur afgerandi hlýtt loft yfir landið með stífum suðvestanvindi, sýnu hvassast um kvöldið. Síðan eru fremur mildir dagar í kortunum á föstudag og líklega einnig um helgina.


VEÐURHORFUR

Í BORGINN Í DAG

Suðvestan 8-13 en allt að 15 m/s í kvöld. Éjlagangur. Hiti 0-3 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »




um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C skúrir	London	7°C hálfskýjað	Eindhoven	7°C skýjað
Billund	4°C skýjað	Paris	7°C skúrir	Basel	4°C skúrir
Oslo	5°C léttskýjað	Frankfurt	4°C skúrir	Alicante	15°C léttskýjað
Stokkhólmur	2°C slydduél	Friedrichshafen	1°C snjökoma	Algarve	14°C skúrir
Gautaborg	4°C skýjað	Berlin	5°C rigning	Las Palmas	18°C skýjað


*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



10-18 m/s víðast hvar.

» fimmtudagur



13-18 m/s, hvassast með ströndum austan og vestan til.



BÍLABÍÓ



5 frábærir DVD diskar frá Senu fylgja með í kaupunum

KIA Sorento Classic er fullbúinn alvörujeppi með 5 þrepa sjálfskiptingu og sparneytinni 170 hestafla dísilvél, skriðstilli, háu og lágu drifi, 3500 kg dráttargetu og ESP stöðugleikastýringu. Og nú bjóðum við KIA Sorento Classic með DVD bílabíó og þráðlausum heyrnartólum sem gera ferðalagið að sannkölluðu ævintýri.

KIA Sorento Classic er enn betur búinn:

- Hitastýrt miðstöðvarkerfi með loftkælingu
- 17" álfelgur
- Fjölstillanlegt rafstýrt bílstjórásæti
- Skynvæddur millikassi

KIA Sorento Classic með DVD bílabíó, og dráttarbeisli kostar aðeins 3.990.000 kr.



KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is



KIA MOTORS
The Power to Surprise™

KJÖRKASSINN



Vilt þú að sala bjórs og léttvíns verði heimiluð í matvöruverslunum?

Já	45,7%
Nei	54,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Borðar þú fisk að staðaldri?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Starfshópur skilar þriðju skýrslunni um framtíðarlausn á þylurekstri LHG:

Náið samstarf við Norðmenn

LANDHELGISGÆSLAN Starfshópur sem árið 2006 vann tvær skýrslur um þylurekstur Landhelgisgæslunnar (LHG) hefur að ósk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins samið tillögur um þróun og framtíðarlausnir á þylurekstri LHG. Hópurinn leggur til að áfram verði rætt við norsk stjórnvöld um sameiginlegt útboð Íslands og Noregs vegna kaupa á sérhönnuðum björgunarþylrum og að þylrusveit gæslunnar verði áfram tiltæk hér á landi. Jafnframt að stefnt verði að nánú samstarfi ríkjanna við framtíðarrekstur þyrlanna. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur lagt til



TF-LÍF Þyrla LHG sem er af Super Puma-gerð var við æfingar á Pollinum á Akureyri árið 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

að unnið verði að framtíðarlausn þylurekstrarins í samræmi við tillögur hópsins. Spurður um hvað felist í nánú samstarfi Noregs og Íslands sem mælt er með í skýrslunni segir Björn að náíð samstarf-

ið felist í því að tryggja sem besta nýtingu tækjanna með góðri þjónustu við þau. „Þar má nefna skoðanir, viðhald, varahluti. Þá skiptir miklu að þjálfun áhafna sé mikil og góð. Loks leiðir það í sjálfu sér til aukins og nánara samstarfs, að menn eru með sömu tæki í höndunum við gæslu á hafsvæði, sem er að nokkru sameiginlegt.“

Fram að afgreiðslu nýrra, stórra og langdrægra björgunarþyrlna, væntanlega á árunum 2011-2014, mælir hópurinn með að leigðar verði áfram vel búnar þyrlur til leitar- og björgunarflugs, svipaðar þeim sem starfað hafa hér á landi undanfarna rúma tvo áratugi.

- shá

Sáttmáli Framtíðarlandsins:

18 þingmenn hafa skráð sig

UMHVERFISMÁL Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra er eini þingmaður Framsóknarflokksins sem hefur skrifað undir sáttmála Framtíðarlandsins um framtíð Íslands. Hún er því eini stjórnarliðinn sem skrifað hefur undir þar sem enginn þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefur kosið að gera það. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, skrifaði undir sáttmálann í gær. Alls hafa 18 þingmenn af þeim 63 sem sátu við lok 133. löggjafarþings skráð sig á listann. Þeir koma allir úr þingflokkuðum Samfylkingarinnar og Vinstri grænna.

- shá

Móðirinni 6
Reykjavík
Sí: 588 2061
www.bodeind.is
sala@bodeind.is

BOÐEIND
TÖLVUVERSLUN - ÞJÓNUSTA

Móðirinni 6
Reykjavík
Sí: 588 2061
www.bodeind.is
sala@bodeind.is

Frábær fermingartilboð á www.bodeind.is



A6VM-A
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjörri: Intel Pentium Mobile Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkanleg í 2GB
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Innbyggð vefmyndavél 1.3MegaPixla & hljóðnemi
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur

Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-
Verð áður kr. 112.243,-



Asus A6JA
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjörri: Intel Pentium M Dual Core T2400
Skjákort: Radeon X1600 256MB DDR
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkanleg í 2GB
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur

Staðgreiðsluverð kr. 136.900,-
Verð áður kr. 149.900,-



Asus A6T
Skjár: 15,4" Glare type háskerpuskjár
Örgjörri: AMD TurionX2 Dual Core TL52 64 bita
Skjákort: Geforce 7600 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkanleg í 2GB
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Microsoft XP Professional
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur

Staðgreiðsluverð kr. 139.900,-
Verð áður kr. 149.900,-



Asus Vintage vel hönnuð og hljóðlát tölva
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús

Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Verð áður kr. 84.900,-



Asus Pundit ótrúlega nett og hljóðlát tölva
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús

Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Verð áður kr. 84.900,-

Boðeind í 20 ár
Þar sem verð og gæði fara saman

Boðeind býður upp á viðurkennda Asus verkstæðisþjónustu



LOKAÐ Suðurlandsvegi var lokað í gær. Fjöldmargir vegfarendur lentu í hrakningum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍSIR



Á REYKJANESBRAUT Betur fór en á horfðist þegar skjólborð fuku af vörubíl og höfnuðu á tveimur fólksbílum. Afar hvasst var á Suður- og Vesturlandi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bílar fuku út af en fá slys á fólki í óveðrinu

Björgunarsveitir á Suður- og Vesturlandi voru víða kallaðir út vegna veðurs í gær. Suðurlandsvegi var lokað um tíma vegna veðurs og bílar fuku útaf á Kjalarnesi og Suðurlandi. Í Bolungarvík voru hús rýmd vegna snjóflóðahættu.

VEÐUR „Það var alveg blindað þegar við komum upp á heiðina en þetta gekk fljótt niður og fólk sýndi þolinmæði þótt það þyrfti að bíða,“ segir Ásgeir Sigurðsson, flokkstjóri tækjaflokks Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík, sem kölluð var á vettvang þegar Suðurlandsvegi var lokað í gær. Fjöldmargir vegfarendur leituðu skjóls í Litlu kaffistofunni og biðu þar þar til veðrinu slotaði og vegurinn var opnaður á ný. „Við losuðum þá bíla sem voru fastir og fylgdu þeim í bæinn eða austur fyrir fjall,“ segir Ásgeir. Um klukkan ellefu í gærmorgun skulu tveir bílar saman á Hellisheiði og flytja þurfti tvo til Reykjavíkur með sjúkrahúsi. Veginum var lokað skömmu síðar. Ýmis minni óhöpp voru einnig tilkynnt lögreglu en vindhraði fór í um 29 metra á sekúndu á Sandskeiði þegar mest var. Vegurinn var opnaður á ný klukkan hálf tvö. Skjólborð fuku af vörubíl sem var á leið um Reykjanesbraut við Ásvelli en hvasst var á þessum slóðum. Skjólborðin og farmur bílsins fuku á tvo fólksbíla sem báðir skemmdust. Lögregla og slökkvilið voru kölluð á vettvang en enginn slasaðist. Þá voru lögregla og sjúkrahúsið kölluð á vettvang þegar kerra losnaði aftan úr bíl á ferð á Reykjanesbrautinni. Kerran hafnaði á tveimur bílum sem komu

úr gagnstæðri átt og skemmdust þeir báðir verulega. Ekki urðu slys á fólki. Á Kjalarnesinu var einnig hvasst. Þar fuku strætisvagn út af veginum auk þess sem nokkrir fólksbílar fóru út af. Ökumaður eins þeirra var fluttur á sjúkrahús. Ökumenn lentu einnig í vandræðum undir Hafnarfjalli og á Suðurlandi, vestan Markarfljóts, fuku rúta út af veginum. Um 30 norsk skólaborð voru í bílnum en enginn slasaðist. Björgunarsveitir á Snæfellsnesi voru kallaðar út vegna óveðurs í Snæfellsbæ. Þakplötur fuku við nýbyggingu í Ólafsvík og flotbryggja fór af stað í höfninni á Rífi. Nokkrir bátar voru fastir við bryggjuna en enginn þeirra skemmdist. Ökumenn á Snæfellsnesi lentu einnig í hrakningum bæði í Kerlingarskarði og á Vatnaleið. Þá lokaðist vegurinn um Holtavörðuhéið tímabundið og björgunarsveitir úr Húnavatnssýslu og Borgarfirði voru kallaðar til að aðstoða vegfarendur. Veðrið gekk niður sunnanlands í gær en versnaði aftur á móti vestan- og norðanlands. Fjögur hús við Disarland og Traðarland í Bolungarvík voru rýmd vegna snjóflóðahættu í gær. Ekki er talin hætta á snjóflóðum annars staðar í byggð en flóð féllu á veginum um Kirkjubólshlíð snemma í gær svo lokað var milli Súðavíkur og Ísafjarðar um tíma.

thorgunnur@frettabladid.is

Fólskuleg líkamsárás á Vesturgötu aðfaranótt 10. febrúar er ennþá óupplýst:

Árásarmaðurinn enn ófundinn

LÖGREGLUMÁL Lögregla höfuðborgarsvæðisins leitar enn árársmanns sem reyndi að nauðga finnskri konu á þrítugsaldri í porti á Vesturgötu aðfaranótt föstudagsins 10. febrúar. Íbúi við Vesturgötu kom konunni til bjargar en árásarmaðurinn komst undan á hlaupum. Íbúinn vaknaði við óskur í konunni um þrjúleytið, fór út á svalir og sá árásarmanninn halda konunni kverkataki og lemja hana. Íbúinn kallaði á manninn af svölunum, hljóp síðan niður stíggann og út á götu en árásarmaðurinn komst undan á hlaupum á Tryggvagötu. Konan var blóðug, marín og skelfð þegar lögreglan kom á vettvang. Lögreglan hefur rannsakað málið að undanförunu en ekki tekist að komast á sporið hver var að verki. Upptökur úr eftirlitsmyndavélum í miðbænum hafa verið skoðaðar vandlega en ekki hafa enn fundist vísbendingar. „Við erum að rannsaka þetta mál. Vísbendingar eru af skornum skammti en við lítum þetta mál alvarlegum augum. Árásin var harkaleg og fórnarlamb hennar fékk greinilega áverka,“ sagði Björgvin

VEITVANGUR GLÆPSINS Portið þar sem árásin átti sér stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Þeir sem geta veitt lögreglu upplýsingar sem mögulega hjálpa til við rannsókn málsins eru beðnir um að snúa sér til lögreglu höfuðborgarsvæðisins, eða hringja til hennar í síma 444-1000.

- mh

Samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Samtaka atvinnulífsins munu árvissar tekjur Hafnfirðinga af stærra álveri í Straumsvík nema um einum og hálfum milljarði króna. Það jafngildir

250 þúsund króna viðbótartekjum á ári

fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu. Óháð sveiflum í íslensku efnahagslífi. Það er kjarni málsins.

Samkvæmt nýgerðu samkomulagi við ríkisvaldið um skattaumhverfi álversins munu tekjur Hafnfirðinga af stækkun álversins og breyttu skattaumhverfi þess verða umtalsverðar. Samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands munu beinar skatttekjur bæjarfélagsins af Alcan verða rúmar 800 milljónir króna. Aðrar tekjur bæjarsjóðs vegna aukinna umsvifa fyrirtækja sem eiga viðskipti við álverið og annarra afleiddra starfa og umsvifa atvinnulífs í Hafnarfirði verða um 600 milljónir króna skv. útreikningum hagfræðinga Samtaka atvinnulífsins. Þetta jafngildir alls ríflega 60 þúsund krónum á hvern bæjarbúa eða kvartmilljón fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu – á hverju ári.

Tekjur Hafnfirðinga af rekstri álversins eru að langstærstu leyti óháðar afkomu þess. Þær munu skila sér óháð sveiflum í íslensku efnahagslífi, óháð aflabrogðum, þróun á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum, gengi íslenskrar krónu, vaxtastigi í landinu og öðrum áhrifavöldum á afkomu þjóðarinnar á hverjum tíma. Þær koma til viðbótar við allar aðrar tekjur sem bæjarsjóður getur haft – meðal annars af annarri iðnaðar- og atvinnustarfsemi sem áformað er að byggja upp í nágrenni álversins – og eflaust má koma mun víðar fyrir í landi bæjarins ef eftirspurn verður meiri en framboð á næstu árum. Það er kjarni málsins.

Ávinningur Hafnarfjarðar af stækkun álversins	
Skattgreiðslur Alcan	800 millj. kr.
Heildartekjur bæjarsjóðs	1,4 milljarðar kr.
Tekjur bæjarins á hverja fjögurra manna fjölskyldu	250 þús. kr.

Stækkun álversins skapar 1.150 ný störf	
350 ný störf í Straumsvík	
800 ný afleidd störf	

BÍLSKÚRS- GERVIGREIND NÁMSKEIÐ

Háskólanum í Reykjavík, Kringlunni 1,
laugardaginn 24. mars, kl. 13:00 - 16:30.

BYRJENDA- OG FRAMHALDSNÁMSKEIÐ

Kynnt verða undirstöðuatriði valinna forrita og tækni sem hægt er að nýta við gervigreindarsmíðar.

MEÐAL ÞESS SEM KYNNT VERÐUR:

- **ToonFace:** Grafískt andlit sem talar
- **FreeTTS:** Talgervill
- **Psyclone:** Skilaboðaskjóða til að tengja forrit saman
- **RoboCode:** Skemmtilegt umhverfi til að forrita sýndarróbóta

Ekki hika við að mæta og kynna þér þessa spennandi og ört vaxandi grein.

TAKMARKAÐ PLÁSS! - ÓKEYPIS ÞÁTTTAKA

SKRÁNING:

Sendið póst á bilskursgervigreind07@ru.is fyrir 23. mars.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Landssamband eldri borgara sendir ríkisendurskoðanda athugasemdir:

Ríkisendurskoðandi hyggst kanna Framkvæmdasjóð aldraðra

HEILBRIGÐISMÁL Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi segist hafa rætt við fulltrúa Landssambands eldri borgara um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra. „Þegar athugasemdir þeirra berast mér formlega í hendur verður farið yfir málið,“ segir Sigurður.

Framkvæmdastjórn Landssambandsins hefur ákveðið að leita til Ríkisendurskoðunar vegna fjárveitinga heilbrigðisráðherra úr Framkvæmdasjóðnum. Borgþór Kjærnested, framkvæmdastjóri sambandsins, segir það mat stjórn-



BORGÞÓR
KJÆRNESTED



SIGURÐUR
ÞÓRÐARSON

arinnar að ráðherra hafi farið frjáltslega með fjárveitingar og ekki farið að fullu eftir lögum og reglugerðum um úthlutanir. Þess sé farið á leit við ríkisendurskoðanda að hann athugi hvort heilbrigðis-

ráðuneytið hafi umgengist sjóðinn á eðlilegan og löglegan hátt.

„Oft hefur ráðherra verið búinn að úthluta verulegum fjárhæðum áður en þær hafa komið til umfjöllunar sjóðsins, margvísleg verkefni hafa svo fengið upphæðir upp á fleiri milljónir sem svo eru færðar undir stjórnarsýslu sjóðsins,“ segir Borgþór. Hann nefnir sem dæmi að árið 2004 hafi stjórnunarkostnaður numið um sautján milljónum. Ekki sé nægilega vel gerð grein fyrir þeim tölum, sem og fjölda annarra, að hans mati.

- kdk

Karlmaður sem dæmdur var fyrir kannabiseign segir skuldalista ekki tengjast fíkniefnum:

Ekki dópskuldir heldur smíðaskuldir

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri, sem dæmdur var í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að hafa í fórum sínum 1.240 grömm af kannabisefnum, sagði skuldalista yfir nafngreinda menn sem fannst í fórum hans ekki hafa verið lista yfir menn sem skulduðu honum vegna fíkniefnakaupa heldur „vegna smíðavinnu“.

Í fimm húsleitum sem lögregla framkvæmdi í tengslum við rannsókn á fíkniefnamáli í Vestmannaeyjum í desember 2005 og janúar 2006 fann lögreglan, auk fíkniefnanna og listans, dollarabúnt sem hún taldi að tengdist fíkniefnaviðskiptum. Því neitaði maðurinn, sem nú hefur verið dæmdur til fangelsisvistar.

Þrjár konur voru einnig dæmdar fyrir að hafa í fórum sínum lítið magn fíkniefna. Ein var dæmd í þriggja mánaða fangelsi en fullnustu refsingarinnar var frestað í

þrjú ár haldi hún almennt skilorð, önnur til greiðslu 31 þúsund króna sektar og sú þriðja til greiðslu 157.500 króna sektar.

Karlmaðurinn neitaði því alfarið að hafa átt hluta þeirra efna sem fundust. Sá hluti efnanna sem hann neitaði að hafa átt fannst í herbergi í húsi hans sem hann sagðist leigja manni sem hann kallaði Zoran. Herbergið þar sem efnið fannst væri því honum óviðkomandi.

Jafnframt sagði karlmaðurinn töluvert af fólki hafa verið í íbúðinni á Þjóðhátíð í Eyjum 2005 og því væri líklegt að efnin sem fundust í íbúðinni hefðu fylgt því fólki sem hefði dvalið þar.

Í fórum mannsins fannst listi með nöfnum og upphæðum sem lögreglan taldi ótvírætt vera lista yfir fólk sem skuldaði honum vegna fíkniefnaviðskipta. Karlmaðurinn sem dæmdur var neit-



FRÁ VESTMANNAEYJUM Fíkniefnamálið sem nú hefur verið til lykta leitt er það umfangsmesta sem komið hefur upp í Vestmannaeyjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

aði því alfarið fyrir dómi að listinn tengdist fíkniefnaviðskiptum.

Ákærðu í málinu neituðu alfarið að segja til þess manns sem stóð á bak við fíkniefnasendingar til Eyja úr landi.

- mh

EÐALBÍLAR

13.990 kr.

afborgun á mánuði fyrir hverja milljón *

Eigum frábært úrval nýlegra lúxusfólksbíla og jeppa frá Volkswagen, Audi og Benz með allt að 90% láni á afar hagstæðum kjörum. Í boði eru jafnlöng lán og á nýjum bílum, sem lækkar greiðslubyrðina til muna. Bílarnir eru til sýnis á Bílaþingi, Laugavegi 174.



* M.v. 10% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða.

Opið kl. 10–18 á Laugavegi 174



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5000

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

JEPPLINGA ÚTSALA



Verð áður kr. 2.350.000
Tilboð
kr. 1.880.000

Kr. 27.300 á mánuði*

100% lán í 84 mánuði
Hyundai Santa Fe
Nýskr: 06/2004, 2700cc
sjálfskiptur, ekinn 88.000 þ.



Verð áður kr. 1.980.000
Tilboð
kr. 1.590.000

Kr. 26.300 á mánuði*

100% lán í 72 mánuði
NISSAN X-Trail
Nýskr: 07/2003, 2000cc
sjálfskiptur, ekinn 43.000 þ.



Verð áður kr. 2.250.000
Tilboð
kr. 1.890.000

Kr. 27.400 á mánuði*

100% lán í 84 mánuði
Land Rover Freelander
Nýskr: 12/2004, 1800cc
beinskiptur, ekinn 35.000 þ.



Verð áður kr. 2.550.000
Tilboð
kr. 2.120.000

Kr. 30.750 á mánuði*

100% lán í 84 mánuði
Hyundai Tucson
Nýskr: 04/2005, 2700cc
sjálfskiptur, ekinn 35.000 þ.



Verð áður kr. 1.280.000
Tilboð
kr. 970.000

Kr. 18.800 á mánuði*

100% lán í 60 mánuði
Renault Scenic Rx4
Nýskr: 03/2002, 2000cc
beinskiptur, ekinn 65.000 þ.



Verð áður kr. 2.480.000
Tilboð
kr. 1.980.000

Kr. 28.700 á mánuði*

100% lán í 84 mánuði
Hyundai Santa Fe
Nýskr: 07/2004, 2700cc
sjálfskiptur, ekinn 58.000 þ.

Úrval Jepplinga á einstöku tilboði frá
21. til 24. mars. Komdu núna í
Bílaland B&L og gerðu frábær kaup!

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230.

bíla
land
notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

100% lán í boði í allt að 84 mánuði.

Bílasamningur m.v. 100% lán og mánaðarlegar greiðslur í allt að 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum
vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

Opið virka daga frá kl. 9 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

Allir geta orðið meistarakokkar

Franskar kjúklingabringur

Þú byrjar á að búa til sinnepshjúp. Settu 4 matskeiðar af gröfkorna sinnepi, eina matskeið af smátt söxuðum ferskum rósmarinnálum, 2 pressaða hvítlauksgeira og hálfa matskeið af rifnum sítrónuberki (ysta lagið) í skál og blandaðu vel. Síðan tekurðu 600 gr af kjúklingabringum sem þú saltar og piprar og setur í eldfast mót. Þú penslar bringurnar með sinnepshjúpnum og bakar þær í 190° heitum ofni í 20 mínútur. Þetta berðu svo fram með t.d. blönduðu grænmeti og steiktum sætum kartöflum.

HOLTA

Gómsætar uppskriftir á www.holta.is
Vinsælasti ferski kjúklingurinn á Íslandi*

Námuslys í Rússlandi:

Minnst 106 manns fórust

RÚSSLAND, AP Lík nokkurra námuverkamanna til viðbótar fundust í kolanámu í Kuzbass-héraði í Rússlandi í gær, daginn eftir að metangassprenging varð í nám-unni á 270 m dýpi. Alls hafði tekist að finna lík 106 manna, en um 200 manns voru að störfum í nám-unni þegar sprengingin varð.

93 mönnum tókst að komast upp úr námunni heilir á húfi, með aðstoð björgunarsveitar. Náman er við borgina Novokuznetsk, um 3.000 km austur af Moskvu.

Slys eru alltið í nánum Rússlands. Í fyrra fórust yfir 30 verkamenn í slíkum slysum í landinu.

- aa



SLYS Björgunarsveitarmenn bera saman bækur sínar í Ulyanovskaya-námunni í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólíkar frásagnir af aðdraganda Baugsmáls

Ekki er samhljómur í frásögn Jóns H. Snorrasonar og Jóns Steinars Gunnlaugssonar af samskiptum þeirra í aðdraganda Baugsmálsins. Ingibjörg Pálmadóttir segir Jón Steinar hafa verið undir þrýstingi að taka að sér kærúmál gegn Baugi.

BAUGSMÁL Talsverður blæbrigðamunur er á frásögn Jóns H. Snorrasonar, fyrrverandi saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, og Jóns Steinars Gunnlaugssonar, núverandi hæstaréttardómara en þá starfandi hæstaréttarlögmanns, af samskiptum þeirra í aðdraganda Baugsmálsins.

Jón Gerald Sullenberger var upphaflegur kærandi í Baugsmálinu og lögmaður hans var Jón Steinar. Jón Steinar sendi frá sér yfirlýsingu hinn 14. ágúst 2005 í kjölfar þess að Fréttablaðið birti upphaflega ákæru í Baugsmálinu og viðtöl við Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson.

Í yfirlýsingu Jóns Steinars segir meðal annars að Jón Gerald hafi viljað kæra Baugsmenn til lögreglu: „Er líklegt, þó að ég muni það ekki, að ég hafi haft samband við lögregluna til að óska eftir að skjólstæðingur minn fengi að koma til skýrslugjafar um þetta.“

Jón H. Snorrason bar vitni í Baugsmálinu síðastliðinn fimmtudag og var meðal annars spurður um samskiptin við Jón Steinar. Hann sagði að þeir hefðu hist á fundi hinn 13. ágúst 2002, áður en Jón H. hitti Jón Gerald og málið var kært. Spurður af Gest Jónssyni, verjanda Jóns Ásgeirs, staðfesti Jón H. að hann hefði átt fleiri en einn fund með Jóni Steinari og hefði fengið fleiri gögn frá Jóni Steinari eftir 13. ágúst. Í framhaldinu hefði svo Jón Gerald verið kallaður til skýrslutöku.

Ingibjörg Pálmadóttir, sambýliskona Jóns Ásgeirs, bar vitni í Baugsmálinu á mánudag og var þá harðorð í garð Jóns Steinars. Hún staðfesti að á þeim tíma sem Jón Steinar kom fram sem fulltrúi Jóns Geralds við undirbúning kæru til lögreglu hefði Jón Steinar einnig verið lögmaður hennar.



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Vítaleiðslum í Baugsmáli lauk á mánudag og málf lutningur hefst á mánudaginn næsta.

Eftir að húsleit var gerð hjá Baugi hinn 28. ágúst 2002 og Jón Ásgeir handtekinn daginn eftir sagðist Ingibjörg hafa spurt Jón Steinar hvers vegna hann hefði tekið málið að sér í stað þess að vísa því á annan lögmann í ljósi tengsla hennar við Jón Ásgeir. Sagði hún Jón Steinar hafa svarað því til að hann hefði verið undir miklum þrýstingi frá ýmsum mönnum um að taka málið að sér.

„Af þessu tilefni er óhjákvæmilegt að ég taki fram, að Ingibjörg fer ekki með rétt mál, þegar hún segir þetta. Ég varð ekki fyrir nokkrum þrýstingi hvað þetta snertir og hafði ekki orð á neinu slíku við hana,“ segir Jón Steinar í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í kjölfar ummæla Ingibjargar.

Ingibjörg sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hún segir sorglegt að hæstaréttardómari skuli senda frá sér yfirlýsingu eins og þá sem Jón Steinar sendi frá sér á mánudagskvöld.

Yfirlýsingar Jóns Steinars og Ingibjargar eru birtar í heild sinni hér á síðunni.

brjann@frettabladid.is

Yfirlýsing frá Ingibjörgu S. Pálmadóttur



Það var mér erfið lífsreynsla, haustið 2002, þegar lögreglan reyndi að handtaka sambýlismann minn, Jón Ásgeir Jóhannesson, og gerði húsleit hjá Baugi, fyrirtækinu sem hann hafði stýrt og byggt upp.

Í kjölfarið bárust út í þjóðfélagið sögur um alvarlega glæpi sem Jón Ásgeir átti að hafa drýgt sem forstjóri Baugs. Ekki bætti úr skák að stuttu síðar frétti ég að til þessara aðgerða hefði verið gripið eftir að lögmaður minn, Jón Steinar Gunnlaugsson, núverandi hæstaréttardómari, hafði afhent lögreglu gögn og borið fram kæru Jóns Geralds Sullenberger á hendur Jóni Ásgeiri og samstarfsmönnum hans. Mér sárnaði að maður sem gegndi trúnaðarstarfi fyrir mig og ég taldi mig geta treyst skyldi á sama tíma standa að slíkum aðgerðum gegn fjölskyldu minni.

Af því tilefni gekk ég á fund Jóns Steinars og spurði hann hvernig þetta hefði getað gerst. Það varð fátt um svör en þó gat hann þess að margir hefðu þrýst á sig að taka að sér mál Jóns Geralds Sullenberger. Mér sýnast gögn sem síðar hafa komið í ljós sýna að þrýstingurinn hafi stafað frá Styrmi Gunnarssyni, Kjartani Gunnarssyni og sennilega ónefnda manninum, sem tryggð Jóns Steinars við er sögð innmúruð og ófrávikjanleg.

Mér finnst sorglegt að hæstaréttardómari sendi frá sér yfirlýsingu eins og þá sem Jón Steinar sendi fjölmiðlum í gær [mánudag]. Síðustu skilaboð hans til mín höfðu komið frá systur minni Lilju, sem bar mér þau orð Jóns Steinars að þennan raft, Jón Ásgeir, skyldi ég losa mig við sem fyrst.

Yfirlýsing frá Jóni Steinari Gunnlaugssyni



Í fréttum af yfirheyrslu í Héraðsdómi Reykjavíkur yfir Ingibjörgu Pálmadóttur í dag, mánudag, er haft eftir henni að ég hafi sagt henni að ég hefði orðið fyrir þrýstingi frá svo mörgum mönnum að ég hefði ekki getað vísað Jóni Gerald Sullenberger að leita annars lögmanns, þegar hann leitaði til mín á árinu 2002. Af þessu tilefni er óhjákvæmilegt að ég taki fram, að Ingibjörg fer ekki með rétt mál, þegar hún segir þetta. Ég varð ekki fyrir nokkrum þrýstingi hvað þetta snertir og hafði ekki orð á neinu slíku við hana. Ástæðan fyrir því að ég tók mál Jóns að mér var einkum sú að hann var einstaklingur, búsettur erlendis, sem þurfti að fá lögmann til að fara með bótamál gegn mesta viðskiptaveldi á Íslandi, líklega frá upphafi vega. Hann þekkti ekki mikið til héraendis og mér var sagt að hann ætti í erfiðleikum með að finna lögmann sem ekki væri tengdur þeim efnuðu mönnum sem hann átti sökótt við eða óttaðist þá. Það höfðaði til mín við þessar aðstæður að hjálpa honum við að ná fram rétti sínum væri sá réttur til staðar.

Ánægðustu netnotendur á Íslandi.

Netnotendur Hive eru glaðir. Samkvæmt ánægjuvoginni 2006 eru viðskiptavinir Hive ánægðustu netnotendur landsins. Við viljum að viðskiptavinir okkar brosi þegar þeir vafra um vefinn og fá skjótar lausnir á sínum vandamálum. Við stefnum því auðvitað að því að ánægðustu netnotendur landsins árið 2007 verði líka hjá Hive.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is

Hive



FYRIRLESTUR

FÉLAGSVÍSINDAEILD 30 ÁRA – HÁTÍÐARFYRIRLESTUR

Akademísk menning: Vettvangsrannsóknir á háskólasamfélaginu (Academic Cultures: Ethnographic Inroads into Uncharted Terrain).

Fimmtudagur 22. mars kl. 16 í Hátíðarsal Háskóla Íslands (aðalbygging).



Fyrirlesari: Regina Bendix, prófessor, er forseti evrópsku þjóðfræðisamtakanna og yfirmaður Institut für Kulturanthropologie/-Europäische Ethnologie við Georg-August Universitt   G ttingen.

Hvernig stendur   því   til eru fleiri sk lds gur og krimmar sem l sa upp kr ka og kima h sk lasamf lagsins en etn graf skar ranns knir? Hvernig og hvers vegna  tti   rannsaka mannl fi    h sk lasamf laginu?

Allir velkomnir.
N nari uppl singar   www.hi.is



H SK LI  SLANDS
www.hi.is

Tyrkland og Evr pusambandi :

Ekki bo i    veisluna

TYRKLAND. AP Tyrkneskir r  amenn gagnr ndu þ ysk stj rnv ld   g r fyrir   bj  a ekki fulltr a Tyrklands til lei togafundar   Berl n um n stu helgi, sem haldinn er til   minnast fimmt u  ra afm elis R mars ttm lans, stofns ttm la Evr pusambandsins. Tyrkir eru me al þ  a sem eiga    ildarvi r  um vi  sambandi .

Til stendur   lei togarnir sem   fundinn m ta samþykki yfirl singu sem þeir vonast til   ver i til   koma aftur skri i   vi leitni til   koma stj rnarskr rs ttm la sambandsins   gildi og endurheimta stu ning borgaranna vi  Evr pusamrunann.



ERDO AN  S TTUR Tyrkneski fors t sr   herrann vildi vera me    Berl n.

- aa

FR TTABLAÐIÐ/AP



B RGARST JRIINN   REYKJAV K Kynnti þriggja  ra  etlun n verandi meirihluta borgarst jrnar. Par kom fram    thlutun l  a muni aukast miki  og hlutfall s rb la r sa samhli a því.

FR TTABLAÐIÐ/GVA

S rb ylisl   um fj lgar miki 

N verandi meirihluti borgarst jrnar kynnti   g r  etlun s na um rekstur og framkv mdir borgarinnar n stu þr u  rin. L  a thlutunum mun fj lga miki .

STJ RNM L „ etta er ekki ve ursp  til n stu þriggja  ra, heldur  etlun sem vi   etlum   l ta standast,“ sag i Bj rn Ingi Hrafnsson, forseti borgarst jrnar, vi  kynningu   þriggja  ra  etlun n verandi meirihluta Frams knarflokks og Sj lfst  isflokks um rekstur, framkv mdir og fj rm l Reykjav kurborgar.  etlunin     setja ramma um fj rm l borgarinnar og tryggja   unni  ver i eftir  herslum hins n ya meirihluta   t abilinu 2008-2010.

Fyrst og fremst er l     hersla   þr u meginmarkmi .   fyrsta lagi er gert r   fyrir j kv  ri rekstrarni urst  u    llu t abilinu.    er það  etlun meirihlutans   auka til muna l  aframbo  jafnt til byggingar  b  a- og atvinnuh sn  is.   þr  a lagi er  etla    gera miki   tak   vi haldi eigna borgarinnar.

Helsta breytingin fr  því sem   ur var er hin aukna  hersla sem l    er   st rauki  l  aframbo    n byggingahverfum. Meginuppbyggingin ver ur    lfars rdal, þar sem gert er r   fyrir   gera l  ir fyrir um 1.300  b  ir byggingarh far  rlega   t abilinu. Alls   því    thluta um 3.900 l  um   t abilinu.

Yfir fj rut u pr sent þeirra l  a eru  tlu  undir s rb li. Til samanbur ar var einungis  thluta  um hundra   b  um    ri   einb li e a ra h s    runum 2001-2005.        halda  fram

Vi  viljum   þessi þriggja  ra  etlun ver i alv ru stj rnt ki en ekki bara eitthva  plagg sem l ti  ver ur gert me 

VILHJ LMUR Þ. VILHJ LMSSON
B RGARST J RI

  tingu bygg ar   eldri hverfum, auk þess sem r  ist ver ur   uppbyggingu   str t reit vi  Kirkjusand. Jafnframt er fyrirhuga  uppbygging n s atvinnusv  is   H lmshei i. Fyrstu l  unum    lfars rdal ver ur  thluta    n sta m nu i.

Vilhj lmur Þ. Vilhj lmsson borgarst j ri segir  etlunina endurspegla vilja meirihlutans til   b ta stj rnkerfi  og gera það skilvirkara. „Vi  viljum   þessi þriggja  ra  etlun ver i alv ru stj rnt ki en ekki bara eitthvert plagg sem l ti  ver ur gert me . Hva  var ar m lefna herslur okkar h fum vi  n  þegar framkv mt fj lm rg af þeim lofor um sem gefin voru.“

Svand s Svavars  ttir, borgarfulltr i Vinstri gr nna, segir  etlunina s na gr ar  herslur. „   kemur   sj lfu s r ekkert    vart þar sem meirihlutinn er skipa ur s mu flokkum og fr farandi r kisst j rn.  etta eru n tt rlega flokkar sem standa fyrir gr a p lit k.“

thordur@frettabladid.is



A alfundur Bakkavor Group
23. mars 2007

A alfundur Bakkavor Group hf. ver ur haldinn f studaginn 23. mars 2007, kl. 17:15   Listasafni Reykjav kur, Hafnarh sinu, Tryggvag tu 17, 101 Reykjav k.

Eftirtalin m l eru   dagskr  fundarins:

- 1 Sk rsla stj rnar f lagsins um starfsemi þess s  astli i   r.
- 2  rsreikningur fyrir li i  starfs r,  samt sk rslu endursko anda, lag ur fram til samþykktar.
- 3  kv r un um grei slu ar s og r  st fun hagna ar s  astli ins reiknings rs.
- 4  kv r un um þ knun til stj rnarmanna.
- 5 Kosning stj rnar f lagsins.
- 6 Kosning endursko endaf lags.
- 7 Till gur til breytinga   samþykktum:
 - a Breyting   1. gr. - Breyting   heimilisfangi f lagsins.
 - b Breyting   3. gr. - Heimild til stj rnar til  tg fu hlutaf  f lagsins um allt   2.000.000.000 kr.   nafnver i me   tg fu n rra hluta.
 - c Breyting   3. gr. - Heimild til stj rnar til  tg fu hlutaf r f lagsins   sterlingspundum.
 - d Breyting   13. gr. - Rafr en þ tttaka   hluthafafundum og rafr enir hluthafafundir.
 - e Breyting   18. gr. - Till gur um starfskjarastefnu ver i vi b tarli ur   dagskr  a alfundar.
 - f Breyting   19. gr. - Uppl singar   frambo stilkynningu þeirra sem gefa kost   s r til stj rnarsetu.
- 8 Till gur stj rnar um starfskjarastefnu.
- 9 Heimild til kaupa   eigin hlutum.
- 10  nnur m l.

S rstaklega er bent     þeir sem hyggjast gefa kost   s r til setu   stj rn skulu tilkynna það skriflega til stj rnar f lagsins   minnsta kosti fimm d gum fyrir upphaf a alfundar. Þeir einir eru kj rgengir sem þ nnig hafa gefi  kost   s r.

Till gur fr  hluth f m sem bera   upp   a alfundi skulu vera komnar   hendur stj rnarinnar eigi s  ar en sj  d gum fyrir a alfund.

Dagskr , endanlegar till gur, svo og  rsreikningur f lagsins munu liggja frammi   skrifstofu f lagsins hluth f m til s nis sj  d gum fyrir a alfund. Ennfremur ver ur h gt   n lgast umr    g gn   vefs  u f lagsins, www.bakkavor.com, og vefs  u Kauphallar  slands, fr  sama t ma.

Fundarst rf fara fram   ensku.

Atkv  ase lar og  nnur fundarg gn ver a afhent vi  innganginn vi  upphaf fundarins.

Stj rn Bakkavor Group hf.

BAKKAVOR
www.bakkavor.com

Forstjóri Mjólkursamsölunnar:
Gegn opinberri
verðlagningu

LANDBÚNAÐUR Guðbrandur Sig-
urðsson, forstjóri Mjólkursamsöl-
unnar, vill að opinber verðlagn-
ing á mjólk verði felld niður. Með
því móti gefist aðlögunartími til
að verðleggja afurðir samsölunnar
þannig að þær endurspegli fram-
leiðslukostnað.
Þetta sagði hann á aðalfundi
Auðhumlu seinasta föstudag. Guð-
brandur sagði enn fremur að hið
opinbera verðlagskerfi hefði orðið
til þess að iðnaðurinn borgaði með
drykkjarmjólkinni og það hefði
áhrif á verðlagningu á vinnslu-
vörum mjólkuriðnaðarins. Þannig
væri auðvelt fyrir nýja aðila að
fleyta rjómann af markaðnum. - sþs



FUNDAÐ Í PEKING Norður- og Suður-
Kórea, Japan, Rússland, Kína og Banda-
ríkin taka þátt í viðræðunum.

NORDICPHOTOS/AFP

Kjarnorkumál Norður-Kóreu:
Helsta hindrun
viðræðna úr vegi

PEKING, AP Ný lota viðræðna um
kjarnorkuafvopnun Norður-Kóreu
hófst á mánudag eftir að sam-
komulag náðist milli Bandaríkj-
anna og Norður-Kóreu um frysta
sjóði, sem hafa verið helsta hindr-
unin. Í gær vildu samningamenn
N-Kóreu þó ekki mæta til við-
ræðnanna fyrr en sjóðirnir hefðu
skilað sér að fullu.
Norður-kóresk stjórnvöld höfðu
sniðgengið sexveldaviðræðurnar
svonefndu í rúmt ár eftir að
bandarísk stjórnvöld frystu norð-
ur-kóreska sjóði að andvirði 1,7
milljarða króna í banka í Makaó.
Sökuðu þau Norður-Kóreu um að
nota bankann til peningaþvættis
og til að koma fölsuðum gjaldeyri
í umferð. - sdg

KÍNA

Fjölga kínverskukennurum
Kínversk yfirvöld áforma að opna sex-
tíu nýjar menningar- og tungumála-
miðstöðvar erlendis á næstu árum,
í því skyni að bregðast við stórau-
inni eftirspurn eftir kínverskukennslu
víða um heim. Hinar sextíu nýju Kon-
fúsíusar-miðstöðvar koma til viðbót-
ar fjörutíu slíkum sem opnaðar hafa
verið síðan síðla árs 2004, en fyrir-
myndin að þeim eru hið breska Brit-
ish Council og Goethe-stofnunin
þýska.

Prófaðu uppáhaldslitinn þinn ókeypis!

Sannreyndu frábæra stemmingu málaranna Atla og Gísla heima hjá þér. Veldu þér ókeypis prufudós með uppáhaldslitnum þínum. Þú getur valið um 900 litbrigði. Flügger gefur lífinu lit!

Sæktu þér góð ráð og leiðbeiningar í næstu Flügger verslun og á www.flugger.is

105782

Reykjavík · Kópavogur · Hafnarfjörður · Keflavík · Akureyri · Borgarnes

Flügger litir

Vinstri græn á ferð um landið

Fundur á Höfn í Hornafirði í kvöld

Ragnheiður Eiríksdóttir, Árni Þór Sigurðsson og Álfheiður Ingadóttir spjalla við kjósendur í Pakkhúsinu, kl. 20:00

ALLT ANNAÐ LÍF! - með vinstri grænum

„ORÐRÉTT“

Kunna þingmenn ekki við þrýsting?

„... hins vegar er óþarfi að drekkja pósthólfinu manns með sömu skilaboðunum til að afgreiða sama málið.“

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON ER ÓSÁTTUR VIÐ FJÖLDA ÁSKORANA Í TÖLVUPÓSTI UM AÐ SKRIFA UNDIR SÁTTMÁLA FRAMTÍÐARLANDSINS.

Morgunblaðið 20. mars

Vita ekki hvað þeir gera

„Það hefur því miður borið á því að tölvulæsi þingmanna er ekki alltaf upp á sitt besta.“

VIÐAR ÞORSTEINSSON, VEFRIT-STJÓRI FRAMTÍÐARLANDSINS, EITTHVAÐ PREYTTUR Á AÐ EYÐA ÞINGMÖNNUM AF LISTUM SAM-TAKANNA.

Bláðið 20. mars

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÓLAFUR MÁR ÆGISSON FORNLEIFAFRÆÐINEMI

Á leiðinni í golf og húðflúrun

„Ég er leiðinni til Bandaríkjanna í lok vikunnar og verð fram í miðjan apríl,“ segir Ólafur Már Ægisson, fornleifafræðinemi og fyrrum úrvalsdeildarleikmaður í körfuknattleik. „Þar er stefnan að spila mikið golf og að liggja enn meira í sólinni. Jafnvel að maður bæti á sig einu eða tveimur húðflúrum í leiðinni.“

Ólafur er uppalinn KR-ingur og lék lengst af með þeim í úrvalsdeildinni. Hann skipti um stundarsakir yfir í Val fyrir nokkrum árum og lék nú síðast með Fjölni úr Grafarvogi, en þrálát meiddi hafa lítað feril hans undanfarin misseri. Hann ákvað því að leggja skóna á hilluna um síðustu áramót, að minnsta kosti um stundarsakir.

Ólafur segir það vissulega breyta hans daglega lífi að hætta slíkri iðju. „Þetta er heldur betur mikil breyting

og maður hefur miklu meiri tíma aflögu en áður. Auk þess sem ég get einbeitt mér að náminu af meiri þunga,“ en Ólafur er á öðru ári í fornleifafræði í Háskóla Íslands.

Hann segir spennandi tíma fram undan á næstu vikum og mánuðum. „Ég ætla bara að halda áfram á þessari beinu braut, spila golf, sinna námi og leika mér með vinum. Jafnvel að ég skelli mér út þegar líður á vorið til að heimsækja vinina sem náðu í atvinnu-mennsku.“

Ólafur hefur svo fullan hug á því að læra sitt fag að einhverjum hluta erlendis þegar fram líða stundir. „Miðjarðarhafssvæðið heillar mig mikið en ég væri samt til í að skoða Suður-Ameríku þegar kemur að uppgreftri,“ segir Ólafur að lokum.



DÓSAOPNARAR: KOMU UM HÁLFRI ÖLD Á EFTIR DÓSUNUM

■ Lundúnabúinn Peter Durand fann upp lofttæmdu járn-dósirnar undir mat árið 1810 og voru þær notaðar til að geyma mat fyrir breska sjóherinn. Tæknin við að niðursjóða mat varð þó ekki almenn fyrr en 1846, þegar hægt varð að framleiða sextíu dósir á klukkustund í stað sex. Bandaríkjamadurinn Ezra Wamnet fann svo upp dósapopnarann árið 1858, en þangað til fylgdu dósunum leiðbeiningar um að opna þær með hamri og meitli.



SJÓNARHÓLL

DAGHEIMILI SMÁHUNDA



MAGNEA HILMARSDÓTTIR
Hundaræktandi.

Smáir og stórir hundar ekki saman

„Þetta er bráðsniðugt,“ segir Magnea Hilmarsdóttir um þá ætluð þórunnar Þórhallsdóttur að stofna dagheimili fyrir smáhundum.

Sjálf segist Magnea búa úti á landi og myndi því ekki nota dagheimilið sem gert er ráð fyrir að verði í Kópavogi.

„En ég held að hundamenningin á Íslandi sé þínulítið að opnast og fólk meira farið að spá í þá ábyrgð sem fylgir því að fá sér gæludýr. Það gengur ekki að skilja hundana eftir eina í tíu eða tólf klukkutíma og svo er enginn tími þegar komið er heim. Ég veit um tvo hunda sem eru á leikskóla og eigendur þeirra eru mjög ánægðir.“

Magnea bendir á mikilvægi þess að smáhundar séu ekki með stórum hundum á dagheimilum og hundahótelum.

„Ég hef heyrt að þeir sem setja smáhundum á hundahótel súpi hveljur yfir því vegna þess að þar sé stórum og litlum hundum blandað saman. Það skapar alltaf hættu. Stór hundur getur skaðað lítinn hund miklu meira en lítill hundur getur skaðað stóran hund.“



GAMALL DRAUMUR Dóra Brandsdóttir, fyrsti liðþjálfari hjá íslensku friðargæslunni, og Ragnheiður Kolsöe þróunarfræðingur eru nýkomnar til Afganistan.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

Óttast hvorki talibana né fjarveru

Íslenska friðargæslan tekur óðum á sig mýkri ásjónu og í vikunni fóru tvær ungar konur til starfa í Afganistan. Þær óttast hvorki talibana né fjarveruna enda er önnur fyrrverandi tollvörður í Keflavík og hin mikil flökkukind.



KLEMENS
PRASTARSON
SKRIFAR FRÁ
AFGANISTAN

reynslu við friðargæslu á Sri Lanka og kvíðir ekki fyrir dvölinni í Afganistan. Hún starfaði sem tollvörður áður en hún byrjaði hjá friðargæslunni.

Ragnheiður Kolsöe er 28 ára þróunarfræðingur sem sótti um hjá friðargæslunni þegar hún heyrði um breyttar áherslur í utanríkisráðuneytinu; um aukinn hlut kvenna.

Ragnheiður óttast ofbeldið í landinu ekki svo mjög. Hún er sjóud af ferðalögum um fátæk ríki, hefur búið í Gvatemala og í tæpt ár í Kenýu og Austur-Afríku. Hún kannast einnig við sig í Asíu, eftir nokkra mánuði í Himalajafjöllum, Pakistan og

víðar. „Svona geggjáð umhverfi á afskaplega vel við mig. Í Kenýa var líka mikið álag og óvissa og ákveðin áhætta. En það háði mér lítið. Það þarf ákveðið æðruleysi í þetta, maður myndi náttúrlega lamast ef maður væri alltaf að hengja sig í hvað þetta er hættulegt. En svo er ég líka að fara í einn friðsælasta hluta landsins. Ég væri eflaust hræddari ef ég væri að fara í suðurhlutann,“ bætir hún við.

Undirbúningur Ragnheiðar og Dóru samsvaraði rúmlega tveimur vinnudögum og tveimur kvöldum. Farið var í notkun gasgrímna, námskeið um starfsemi UNIFEM í Afganistan og námskeið um jarðsprengjur hjá Landhelgisgæslunni. Þær telja undirbúnings-tímann ekki of knappan, því hinn raunverulegi skóli fari fram þegar á staðinn er komið. „Ég fer svona

snemma út til að læra af fólkinu sem er á staðnum, áður en ég tek við,“ segir Ragnheiður. Dóra fékk tveggja daga skotæfingar að auki, því hennar verkefni teljast ekki beinlínis borgaraleg. Hún þarf því að bera byssu. Aðspurð segist hún treysta sér fyllilega til að beita vopninu, en voni að til þess komi ekki. Vopnið sé einungis hugsað til sjálfsvarnar og þar sem hún verði mest allan tímann inni á vernduðu hersvæði, sé ólíklegt að til þess komi.

„Þetta er bara hluti af þessu umhverfi, eins og titlarnir sem við berum. Ég held að ég sé „first sergeant“ eða eitthvað þannig. Það skiptir mig engu máli. Titlarnir eru svo við þóssum inn í herkerfið,“ segir Dóra, en hún verður yfirmaður gístiaðstöðu og þvottahúss eitt þúsund hermanna næstu fjóra mánuðina.



Samfylkingin



„Við munum tryggja að Framkvæmdasjóður aldraðra verði aðeins notaður til uppbyggingar í þeirra þágu.“



Það er hneisa að ráðherrar hafi notað sjóðinn í handahófskennda styrki og gæluverkefni, þegar um 400 manns í brýnni þörf eru á biðlista eftir hjúkrunarrými og meira en 900 búa í þvingaðri samvist við ókunnuga á hjúkrunarheimilum.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir
Guðmundur Steingrímsson

XS


Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

Svona erum við

> Opinber útgjöld vegna tannlækninga, í milljónum króna



Heimild:
Hagstofa
Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: MANNFALL Í ÍRAK

Óeðlilega mikið mannfall borgara

Í fyrradag voru fjögur ár liðin frá innrás bandamanna, undir forystu Bandaríkja-manna, í Írak. Mörg þúsund manns hafa fallið í átökum síðan en tölur yfir mannfall eru mjög á reiki, þar sem hvorki herafla bandamanna né ríkisstjórn Íraks halda nákvæma skráningu yfir látna borgara.

Hvað er talið að margir óbreyttir borgarar hafi fallið?

Samkvæmt áætluðum tölum heilbrigðisráðuneytis Íraks í nóvember síðastliðnum höfðu á bilinu 100.000 til 150.000 látið frá 2003. Þetta er þó fjarri því sem könnun meðal Íraka í júní fyrr á árinu leiddi í ljós. Samkvæmt henni höfðu í kringum 655.000 Írakar

látið lífið „sökum stríðsins“.

Mannfall meðal borgara hefur dregist saman undanfarið samkvæmt samtökum sem safna um það upplýsingum (Iraq body count). Hins vegar sýna tölur þeirra að meira en tvö þúsund manns hafi látið í hverjum mánuði síðan mannfallið náði hámarki í júlí í fyrra, þegar 2.896 féllu. Sameinuðu þjóðirnar skrá mest mannfall í október; 3.700 dauðsföll.

Hvernig ber mannfall meðal borgara að?

Langflest-ir þeirra

sem falla eru karlmenn, en konur og börn eru þar einnig stór hluti. Átök milli trúarhópa og árásir á herafla bandamanna, Íraska hermenn og lögreglu leiða oft til mannfalls meðal borgara og sama á við um árásir herafla bandamanna á vígamenn. Mannfall borgara er óeðlilega mikið í samanburði við mannfall hermanna, sem eru yfirleitt aðalskotmörk árasa.

Hve margir bandarískir hermenn hafa fallið?

Bandarískir hermenn eru langstærsti hluti af herafla bandamanna í Írak með vel yfir 100.000 hermenn í Írak að jafnaði. Samkvæmt tölum frá bandaríska hernum hafa yfir þrjú þúsund bandarískir hermenn fallið í kjölfar innrásarinnar og meira en 22.000 hafa særst.



Þingið samþykkti 147 mál í vetur

SPURT & SVARÐ

FRESTUN FRAMKVÆMDA Í STRAUMSVÍK

Órætt

Þegar hugsanlega stækkun álversins í Straumsvík ber á góma heyrist oft sú rödd að stækkun beri að fresta meðan þjóðin móti sér stefnu.

Stendur frestun til boða? „Við erum þegar kominn með starfsleyfi og tilskilin leyfi. Það sem stendur út af borðinu er samþykki Hafnarfjarðarbæjar fyrir framkvæmdum. Við vinnum samkvæmt upphaflegu plani og stefnum að því að hefja þessar framkvæmdir á næsta ári.“

Hvaða afstöðu hafið þið til mögulegrar frestunar? „Málið hefur ekki verið rætt á þessum nótum. Við höfum farið með þetta mál eftir þeim farvegi sem svona verkefni er ætlað og erum auðvitað búin að gera ýmsa samninga þannig að það er hægara sagt en gert að fresta framkvæmdum.“



HRANNAR PÉTURSSON

Upplýsinga-
fulltrúi Alcan í
Straumsvík.

114 frumvörp urðu að lögum á nýliðnu þingi og 33 þingsályktanir voru samþykktar eða vísað til ríkisstjórnar. 357 fyrirspurnum var svarað. Eftir var til 34 utandagskrárumræðna.

Þingið sem slitið var laust eftir miðnætti aðfaranótt síðasta sunnudags var allt að því fullburðað í afköstum og starfstími þess ekki fjarri meðallagi þrátt fyrir að vera síðasta þing fyrir kosningar. Á slíkum þingum gefst oft minna rúm til lagasetningar en vanalega en þeim mun meiri tími fer í umræður um átakamál bæði stór og smá.

Lækkun virðisaukaskatts á mat og ýmsa þjónustu er það þingmál sem hefur hvað mest áhrif á þorra landsmanna en fjölmörg lög hafa áhrif á tiltekna hópa. Má þar nefna breytingar á þingsköpum sem hafa áhrif á þingmenn, lög um leyfisveitingar til veitingamanna, lög um lífeyrisréttindi ríkisstarfs- manna hjá alþjóðlegum stofnun-



Í **DÖKKUM JAKKAFÖTUM** Vinnuklæðnaður karlkyns þingmanna eru einhæf að sniði, efni og lit. Helst gætir fjölbreytni í litavali á hálsbindum. Á myndinni eru Kjartan Ólafsson, Kristján L. Möller, Einar K. Guðfinnsson, Helgi Hjörvar, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðmundur Hallvarðsson og Magnús Þór Hafsteinsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kynningarfundur

Þátttaka norrænna fyrirtækja í verkefnum á alþjóðavettvangi

Hvað getur NOPEF gert fyrir þig?

Hlutverk NOPEF er að hvetja til þátttöku norrænna fyrirtækja í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn veitir norrænum fyrirtækjum hagstæð, vaxtalaus lán og styrki til undirbúnings verkefna (m.a. hagkvæmnisathugana) erlendis. Starfssvæði sjóðsins er heimurinn allur utan evrópska efnahagssvæðisins, með sérstaka áherslu á Austur-Evrópu.

Dagskrá

08:30 Húsið opnar - boðið upp á léttan morgunverð

08:40 Hvað er NOPEF?

Ib Sønnerstad, framkvæmdastjóri NOPEF.

08:50 Hvað getur NOPEF gert fyrir þig?

Per Ovesen, svæðisstjóri NOPEF fyrir Ísland.

09:30 Kynning á viðskiptasendinefndum Útflutningsráðs til Rúmeníu og Kasakstan

NOPEF styrkir verkefni í þessum löndum, og þátttaka í sendinefnd því kjörið tækifæri til að komast í samband við samstarfsaðila þar.

09:40 Fyrirspurnir og umræður

10:00 Fundi slitið

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á utflutningsrad@utflutningsrad.is eða í síma 511 4000.

Viðtalstímar

Fyrirtækjum og einstaklingum gefst tækifæri á viðtalstímum við fulltrúa NOPEF kl. 10:30-13:00. **Nauðsynlegt er að bóka tíma fyrirfram í síma 511 4000.**

Hvar og hvenær?

Mánudaginn 26. mars 2007,

Borgartúni 35, 6. hæð,

Reykjavík



um, lög um ættleiðingarstyrki, lög um íslenskan ríkisborgararétt og heildarlög um Heyrnar- og talmeinstöð. Lög um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda snerta stjórnmálin og refsingar við brotum á samkeppnislögum, kynferðisakfla hegningarlaga og umferðarlögum voru hertar.

Sameining háskóla og RÚV ohf.

Þingið samþykkti líka fjölmörg frumvörp sem snerta tilteknar opinberar stofnanir, til dæmis Landlækni, Friðargæsluna, Þjóðkirkjuna, Bókmenntasjóð og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Úr þeim ranni er þó sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands að líkindum mikilverðustu tíðindin, sem og breyting Ríkisútvarpsins í hlutafélag. Það mál var raunar hið fyrirferðarmesta á þingvetrinum og vörðu þingmenn tæpum sjóti klukkustundum í að tala um það í þingsalnum og ófáum klukkustundum til viðbótar á fundum menntamálanefndar.

Stofnun Vatnajökulspjóðgarðs er svo kapituli út af fyrir sig og mun hafa margvísleg áhrif í framtíðinni.

Tvö frumvörp stjórnarandstöðu-þingmanna

212 frumvörp voru lögð fyrir þingið og eins og áður er getið hlutu 114 samþykki. Tvö frumvörp voru afturkölluð og tveimur vísað til ríkisstjórnar en 94 voru ekki útrædd.

Af frumvörpunum 114 sem urðu að lögum lögðu ráðherrar fram 106, þingnefndir lögðu fram þrjú þeirra, þingforseti tvö og forsætisráðherra í eigin nafni eitt. Tvö frumvörp stjórnarandstöðupingmanna voru samþykkt; frumvarp Valdimars L. Friðrikssonar Frjálslyndum um bílastæði fatlaðra og frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur Samfylkingunnar um hlífðarfatnað

SAMÞYKKT FRUMVÖRP

Flytjendur mála

Fjármálaráðherra	22
Samgönguráðherra	11
Viðskiptaráðherra	11
Félagsmálaráðherra	8
Heilbrigðisráðherra	8
Menntamálaráðherra	8
Dómsmálaráðherra	7
Iðnaðarráðherra	7
Umhverfissráðherra	7
Forsætisráðherra	5
Landbúnaðarráðherra	4
Sjávarútvegsráðherra	4
Utánríkisráðherra	3
Hagstofuráðherra	1
Allsherjarnefnd	2
Landbúnaðarnefnd	1
Sólveig Pétursdóttir	2
Geir H. Haarde	1
Jóhanna Sigurðardóttir	1
Valdimar L. Friðriksson	1

NOKKUR NÝ LÖG

Vatnajökulspjóðgarður
Kynferðisbrotakafli hegningarlaga
Sameining HI og KHI
Hert viðurlög við efnahagsbrotum
Ríkisútvarpið ohf.
Fjármál stjórnmálaflokka og -manna
Lækkun matarskatts
Ættleiðingarstyrkir



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



VALDIMAR L. FRÍÐRIKSSON

bifhjólamanna.

109 þingsályktanir voru lagðar fram. Þrjátíu voru samþykktar og þremur vísað til ríkisstjórnar. 76 voru ekki útræddar.

194 munnlegar fyrirspurnir voru bornar upp og var 168 svarað. Skriflegar fyrirspurnir voru 158 og var 155 svarað. Þá voru 34 óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra bornar upp. 34 sinnum var eftir til utandagskrárumræðna.

Vegaáætlun ekki að lögum

Þó að fjölmörg mál sem voru samþykkt séu allrar athygli verð er ekki síður forvitnilegt að líta til þeirra mála sem ekki voru samþykkt.

Í þeim flokki eru frumvörp um fjölmiðlalög, um upplýsingaöflun tryggingafélaga, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, um skattlagningu álversins í Straumsvík og margrætt frumvarp um breytingu á stjórnarskránni. Þá náðist ekki fram frumvarp um viðurkenningu á íslensku táknmáli. Vegaáætlun til 2018 var

þingsályktunartillaga en hlaut sömu örlög og áðurnefnd lagafrumvörp.

Ekki urðu aðeins breytingar á lögum á kjörtímabilinu; dágóður hópur manna lét af þingmennsku. Á það við um Davíð Oddsson, Gunnar I. Birgisson, Tómas Inga Olrich, Árna Magnússon, Halldór Ásgrímsson, Bryndísi Hlökkversdóttur og Guðmund Árna Stefáns-son. Árni Ragnar Arnason lést á kjörtímabilinu.

Þrír þingmenn skiptu um flokka; Gunnar Örylgsson gekk úr Frjálslynda flokknum í Sjálfstæðisflokkinn og í Frjálslynda flokkinn gengu Kristinn H. Gunnarsson úr Framsóknarflokknum og Valdimar L. Friðriksson úr Samfylkingunni.

Átján hafa setið í ríkisstjórn Íslands frá síðustu kosningum, tólf í senn.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is



TUNCLIO



20%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM DRÖGTUM

ÚT ÞESSA VIKU

Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi

ZIKZAK

T Í S K U H Ú S

Staða Samfylkingarinnar:

Einföld pæling

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Skoðanakannanir eru býsna einsvísandi um stöðu stjórnmálaflokkanna nú rúmum sjö vikum fyrir kosningar. Ekki þarf að koma á óvart að lækandi gengi Samfylkingarinnar hefur vakið mest umtal.

Sú skýring gengur eins og rauður þráður í gegnum alla þá umræðu að þessa stöðu megi rekja til væringa innan flokksins og forystukreppu. Innan allra flokka er málefnaleg togstreita að ákveðnu marki og persónubundin samkeppni. Það er eðli stjórnmálastarfsemi. Gæfa og gengi veltur hins vegar á því að þetta hvort tveggja sé í eðlilegum hlutföllum.

Reiptog af þessu tagi er augljóst innan Samfylkingarinnar. Fátt bendir hins vegar til þess að telja megi að þar liggi einhlít skýring á orsök vandans. Umræðan er sérkennileg fyrir þá sök að í sjálfsu sér þarf ekki djúpar pælingar til að sjá hvernig í málum liggur.

Samfylkingin átti um tvo kosti að velja um staðsetningu á orrustuvelli stjórnmálanna. Annar var sá að gerast andafli Sjálfstæðisflokksins er hefði það hlutverk að mynda ríkisstjórnir frá miðju til vinstri. Hinn kosturinn var sá að tryggja sér stöðu á miðjunni og geta samið eftir atvikum til hægri og vinstri.

Þó að fyrri kosturinn hafi verið upphaflegt markmið sýnist forystan smám saman hafa valið seinni kostinn, meðvitað eða ómeðvitað. Að því leyti hefur Samfylkingin í raun réttu tekið sömu stöðu og Framsóknarflokkurinn hafði áður. Hún hefur bæði kosti og galla fyrir Samfylkinguna.

Kosturinn er sá að hún hefur eftir fongum tryggt sér aðild að næstu ríkisstjórn. Enginn vafi er á því að innan flokksins hefur verið mikil óþreija í þá veru. Forystan hefur svarað því kalli. Að eins mjög óvæntir atburðir sýnast geta leitt til þess að Samfylkingin verði ekki í ríkisstjórn að loknum kosningum.

Þessi staða er hins vegar keypt dýru verði. Forystumenn Samfylkingarinnar eru í sömu sporum og herrað sem halda þarf úti vörn á tveimur vígaslóðum í senn. Slík staða er sjaldan fallin til alhliða sóknar. Pólitísk mynd verður eðli máls samkvæmt klofin og aðrir fá svigrúm til að ná málefnalegri forystu.

Samfylkingin átti þann leik á borði að eigna sér merginn úr stefnu Sjálfstæðisflokksins eins og Verkamannaflokkurinn í Bretlandi gerði gagnvart Íhaldsflokknum á sínum tíma. Samhliða hefði hún getað heitið því að vinna aðeins til vinstri frá þeirri stöðu.

Með slíku móti hefði Samfylkingunni væntanlega auðnast að halda Vinstri grænu í gíslingu jafnframt því að festa í sessi stöðu sína sem andafli við Sjálfstæðisflokkinn. Þess konar pólitík hefði verið líklegri til að viðhalda þeirri stærð sem flokkurinn var kominn í eða jafnvel auka við hana. En áhættan um ríkisstjórnarsetu varð um leið meiri.

Þetta varð ekki. Fyrir þær sakir eru togkraftarnir í pólitíkinni eins og sakir standa Vinstri grænt á annað borðið og Sjálfstæðisflokkurinn á hitt. Þessi staða er sennilegasta skýringin á þeim vísbendingum sem lesa má úr skoðanakönnunum varðandi fylgi við Samfylkinguna.

Ný vinstri ríkisstjórn verður samkvæmt þessu mynduð á forsendum Vinstri græns. Að sama skapi yrði borgaraleg stjórnmýnduð á forsendum Sjálfstæðisflokksins. Hlutverk Samfylkingarinnar verður þá eins og Framsóknarflokksins áður í sömu stöðu að toga forsendurnar í gagnstæða átt eftir atvikum. Kjósendur hafa eðlilega mestan áhuga á að velja á milli forsendna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
ADSTODARRITSTJÓRI: Steinnunn Stefánsdóttir
FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir
FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

straumsvik.is

Kynntu þér röksemdir fyrir stærra og betra álveri og sjáðu myndband um stækkun álversins í Straumsvík.

straumsvik.is



FRÁ DEGI TIL DAGS

Rangar ákvarðanir eða engar
Davíð Oddsson seðlabankastjóri ku víst ekki alveg vera fullsáttur við félaga sína í Sjálfstæðisflokknum nú hvað varðar hagstjórnina. Sú saga gengur núna um bæinn að Davíð hafi sagt nýlega að margt sé líkt með þeim feðgum Matthíasi Á. Mathiesen og Árna Mathiesen. Eitt sé þó ólíkt með þeim. Matthías hafi aldrei



getað tekið ákvarðanir, heldur endalaust velt möguleikum fyrir sér. Árni geti hins vegar tekið ákvarðanir. Því miður séu þær allar rangar.

Nýr oddviti í borgarstjórn
Meirihluti borgarstjórnar kynnti á borgarstjórnarfundum í gær þriggja ára áætlun borgarinnar. Oddviti Samfylkingarar í þeim umræðum var Björk Vilhelmsdóttir, sem er fjórði maður á lista flokksins. Dagur B. Eggertsson er í fæðingarorlofi, Steinunn Valdis Óskarsdóttir var í veikindaleyfi og Stefán Jón Hafstein í það miklu leyfi vegna starfa sinna í Namibíu að hann er ekki einu sinni á lista yfir borgarfulltrúa á vef Reykjavíkurborgar. Því var Björk eftir sem leiðtogi Samfylkingarar í borgarstjórn í gær.



Grænir og gráir þingmenn
Fréttir og slúður gærðagsins fjölluðu svolítið um hvaða þingmenn væru orðnir „grænir“ á vef Framtíðarlandsins. Það er, hvaða þingmenn hafi skrifað undir sáttmála samtakanna um græna framtíð Íslands. Seinni partinn í gær voru átján þingmenn grænlitaðir. Þar af voru allir fimm þingmenn Vinstri grænna, tólf af nítján þingmönnum Samfylkingar og einn þingmaður Framsóknarflokks. Enginn þingmaður Sjálfstæðisflokks eða Frjálslynda flokksins hefur viljað láta nafn sitt við þennan sáttmála. Þetta má kannski telja sem þögn mótmæli af hendi Frjálslyndra, þar sem Magnús Þór var ósáttur við að vera skráður með því að ýta á hlekk sem honum barst í tölvupósti. svanborg@frettabladid.is

Afnám hernáms

Hvers vegna lét George Bush Eldri staðar numið við landamæri Íraks eftir að hafa hrakið her Saddams Hússeins yfir landamærin í stað þess að fyrirskipa ameríska hernum að halda áfram til Bagdad og steypa harðstjóranum af stóli?

Ein skýring, sem gefin var á þeim tíma var sú, að umboðið sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu gefið fjölþjóðahernum hafi einungis náð til þess að frelsa Kúveit úr klóm hans. En fleiri skýringar komu fram á þeim tíma. Flóabardaga lauk 3. mars 1991. Hermálaráðherra George Bush eldra, Dick Cheney að nafni (varaforseti hins yngra Bush), gaf þessa skýringu í apríl: „Þó svo að að við næðum Bagdad á okkar vald, er ekki ljóst hvað við gætum gert. Það er ekki ljóst hvers konar stjórnmál við gætum sett á lagginar í stað þeirrar, sem nú er þar ... Hver yrði trúverðugleiki stjórnmála sem komið væri á fot þar í skjóli amerísku hers? ... Það að blanda ameríska hernum í borgarastyrjöld í Írak mundi falla undir skilgreininguna kviksyndi og við höfum alls enga löngun til að sitja fastir í slíku fúafeni.“ Greinilegt er af þessum orðum að hermálaráðherrann er þá enn minnugur ófara ameríska hersins í Vietnam. Orðið „kviksyndi“ (quagmire) hefur einmitt verið notað um þá stöðu sem amerískur hernaðarmáttur lenti í þar og engir tæknilegir hernaðaryfirburðir megnuðu að bjarga frá smánarlegum hrakförum.

Paul Wolfowitz, aðstoðarhermálaráðherra á þessum tíma (nú bankastjóri Alþjóðabankans), skrifði líka í grein 1994: „Til þess að velja Saddam Hússein úr sessi hefði ekkert minna dugað en algert hernám Íraks....Jafnvel þótt það hefði gengið auðveldlega fyrir sig í upphafi, þá er það og verður óljóst, hvernig og hvenær slíkt hernám hefði endað.“ Og þremur árum seinna sagði Wolfowitz: „Ný ríkisstjórn í Írak hefði orðið að vera á forræði og ábyrgð Bandaríkjanna. Hugsanlega hefði slík skip-



ÓLAFUR HANNIBALSSON

Í DAG | Samlokur: Bush og bin Laden

an mála leitt til meira eða minna varanlegs hernáms Bandaríkjanna á landi, ófæru um að stjórna sjálfu sér, en þar sem fyrirmæli erlenda hernámsliðsins sættu sívaxandi gremju og vanþóknun heimamanna.“

Þessi orð sýna að klíka þeirra manna, sem síðar skipuðu sér undir merki George Bush yngra vissi fullvel hvílfu hættuspili þeir hrundu af stað með innrásinni í Írak, en hikuðu þó ekki við að beita fyrir sig hagræðingu staðreynda og beinum lygum til að hafa sitt fram og snúa almenningssálitinu með sér til beinnar hernaðaríhlutunar í málefni Mið austurlanda, pólitískt eldfimma svæðis hnattarins. Hér er ekki rúm til að fara út í, hvað kann að hafa valdið þeim sinnaskiptum en um það sagði Michael Scheuer, sem starfað hafði í 22 ár á vegum CIA og þar af í fjögur ár sem sérfræðingur um málefni al Kaida, í bók sinni Ofurdramb heimsveldis: Hvers vegna Vestrið er að tapa stríðinu gegn hryðjuverkum: „Herir Bandaríkjanna og stefna þeirra eru að ná því marki sem Osama bin Laden hefur stefnt að síðan 1990 með takmörkuðum árangri, sem sé að snúa gervölum heimi Íslams til róttækni. Af því tel ég sanngjarnt að draga þá ályktun að Bandaríkin séu orðin hinn eini ómissandi bandamaður bin Ladens.“ Scheuer sagði af sér sem starfsmaður CIA 2004, þegar hann hafði komist af þeirri niðurstöðu, að „það að vera löghlýðinn bandarískur þjóðfélagsþegn er ekki leng-

ur samrýmanlegt því að vera góður og gegn starfsmaður í æðstu stöðum CIA.“

En hernám bitnar ekki aðeins á hinum hernumdu. Það hefur líka sín áhrif á hugarfar og gerðir herrarþjóðanna. Fjörutíu ára hernám Ísraels á Vesturbakkanum hefur ýtt undir fasískar tilhneigingar í stjórnmálum, her og leyniþjónustu Ísraelsríkis. Svo mjög að fyrir ekki allöngu kvað ráðherra í ríkisstjórn landsins upp úr með það opinberlega að ákveðnar aðgerðir Ísraels hers gegn arabum minntu sig á aðgerðir nasista gegn Gyðingum í heimsstyrjöldinni. Æ fleiri Bandaríkjamenn telja fulla ástæðu til að hafa áhyggjur af þeirri þróun í átt til lögregluríkis, sem átt hefur sér stað í stjórnartíð George Bush með beinum árásum yfirvalda í Hvíta húsinu og dómsmálaráðuneytinu á stjórnarskrárréttindi borgaranna, víðtækum heimildum „föðurlandsvinalaganna“, stórauðnu snuðri njónastofnana um símtöl og tölvupóst borgaranna, skerðingu lagaákvæða um vernd borgaranna gegn fangelsun án dóms og laga, heimild til hers og leynilögreglu að reka leynileg skjöl innan og utan bandarískra yfirráðasvæða og pynta grunaða hryðjuverkamenn til sagna, lögbundnum undanþágum frá Genfarsamþykktum um meðferð stríðsfanga, og groddalegum yfirlýsingum um að Bandaríkin séu hafin yfir allar alþjóðasamþykktir og sáttmála, ef þeim svo sýnist. Það verður mikið verk fyrir Bandaríkin og heimbyggðina alla að snúa ofan af þeim markvissat skipulögðu árásum á vestræn lýðrættindi og gildi sem George Bush hefur gert með Osama bin Laden að blóraböggli og bakhjarli.

En þýðingarmest af öllu er að byrja á byrjuninni: Afnám hernáms Bandaríkjanna og Ísraels á löndum araba í Mið austurlöndum, áður en það nær að eitru allt andrúmsloft vestrænna gilda og siðmenningar jafnt heima fyrir sem á öðrum menningarsvæðum.

Við treystum Hafnfirðingum

UMRÆÐAN

Álverið í Straumsvík

Einstaka fulltrúar Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn eru uppteknir af því þessa dagana að tala um sjálfa sig sem hina kjörkuðu og huguðu bæjarfulltrúa varðandi afstöðu til stækkunaráforma álversins í Straumsvík og spyrja um hvar kjarkur jafnaðarmanna sé í málinu. Í þeirra huga snýst þetta mikilvæga mál fyrst og fremst um stjórnlýndi og ráðsemi en ekki lýðræði.

Samfylkingin í Hafnarfirði hefur lagt höfuðáherslu á lýðræðismál frá 2002, en þá markaði meirihluti Samfylkingarinnar þá stefnu að öll þýðingarmikil mál á vettvangi bæjarstjórnar skyldi leggja í dóm kjósenda. Sjálfstæðismenn hafa verið mótfallnir þessari áherslu á íbúalýðræði.

Í kosningabaráttunni 2006 var álversmálið þagað í hel innan Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hafði ekki kjark til að senda fulltrúa á opin fund Félags ungra jafnaðarmanna um málið í vetur, né heldur hefur hann fjallað um málið á eigin flokksvettvangi. Bæjarfulltrúarnir þrír hafa víðað sína skoðun, en



GUNNAR SVAVARSSON

aðrir flokksmenn fá ekki tækifæri til að fjalla um málið innan flokksins. Hver er kjarkaður?

Margir fundir hafa verið haldnir á vegum Samfylkingarinnar um álversmálið, opnir og á félagsvettvangi. Einnig hafa grasrótahópar haldið fundi svo og bæjarfélagið. Samfylkingin leggur áherslu á að bæjarfulltrúar verði vel upplýstir til að geta tekið vel ígrundaða afstöðu í kosningunum. Samfylkingin í Hafnarfirði tekur ekki flokkspólitíska afstöðu með eða á móti tilöggunni. Við viljum gefa bæjarbúnum frelsi til

að nýta sér atkvæðisréttinn án þess að þurfa að lúta leiðsögn félagsins eða hinna kjörnu fulltrúa.

Þær ákvarðanir sem Samfylkingin í Hafnarfirði tók með því að ástanda samráð og tala óhikað fyrir íbúakosningum hafa mælst vel fyrir, en um 90% íbúa Hafnarfjarðar styðja þessa stefnu. Þau markvissu spor sem Samfylkingin hefur markað í stjórnmálasögu landsins með því að setja lýðræðismálin í forgrunn ættu að verða öðrum stjórnmálaflokkum til eftirbreytni. Samfylkingin hræðist ekki beint íbúalýðræði. Við treystum íbúunum til að fara vel með vald sitt í þessu máli.

Höfundur er forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.



Handmáluð hauskúpa

Róbert Stefánsson handmálaði hauskúpu á Mözduna sína með airbrush-tækni. Verkið kallaði á nokkurn undirbúning. Í öðru auga kúpunnar er rautt díóðuljós sem bora þurfti fyrir.

Airbrush-menningin náði aldrei að festa rætur hér á landi og eru skrautlega úðaðir bílar eða svokölluð málverk á hjólum fá. Þó hafa nokkrir beitt tækninni á bíla með ágætis árangri og er Róbert Stefánsson einn þeirra. Hann mál- aði hauskúpu á húdd Mözdu 323 bifreiðar sinnar og tribal-munstur á þakið. „Ég er mikill áhugamaður um list og er búinn að stúdera airbrushið svolítið. Mig langaði lengi að setja hauskúpu á húddið þannig að ég einfaldlega rissaði upp mynd á húddið og airbrushaði hana svo,“ segir Róbert. „Svo bor- aði ég gat í annað auga kúpunnar og kom fyrir rauðu ljósi.“


Málið var hins vegar ekki jafn einfalt og Róbert vill vera láta. Þússa þurfti upp húddið áður en myndin var máluð og lakka þurfti yfir það aftur til að verja mynd- ina og litinn. „Við gerðum þetta inni í bílskúr því það þarf kyrrt loft til að þetta gangi. Við þurft- um auðvitað að verja bílinn kring- um húddið og það var smá vinna,“ segir Róbert.

Róbert segist hafa mikinn áhuga á að vinna meira með air- brush á bílum. „Ég hef málað á einn annan bíl en það var ekki með airbrush,“ segir Róbert. „Ég er alveg óákveðinn hvort ég geri eitthvað meira við þetta en mig langar að prófa mig áfram og verða betri.“

Airbrush er ekki eina áhugamál Róberts. „Ég hef verið að leika mér á kraftbrettum og svo ákvað ég að gera smá tilraun. Ég tók dekk af mountain-board og setti undir snjóbretti sem ég átti fyrir. Það gefur brettinu skemmtilega eiginleika, það dúar miklu meira en mountain-boardið, og það er allt önnur tilfinning að standa á því,“ segir Róbert. „Það er fínt í brekkurnar en ég verð að viður- kenna að það er full þungt fyrir jafnsléttuna. Maður þyrfti helst að skella mótör undir það til að það gengi.“

tryggvi@frettabladid.is

Brettið er fínt í brekkurnar en of þungt á jafnsléttu.




Róbert og Mazdan sem hann skreytti. Brettíð sem hann heldur á er snjóbretti með svokölluðum „mountain-board“-dekkjum.



Danir framleiða nýja gerð rafhlaðna

DANSKA FYRIRTÆKIÐ HALDOR TOPSØE A/S FJÁRFEST- IR Í NÝRRI GERÐ RAFHLAÐNA. ÞÆR HENTA SEM ORKU- GJAFI RAFMAGNSBÍLA.

Danir eru framarlega á sviði umhverf- isvænnar orkuframleiðslu, enda fáir aðrir kostir í stöðunni þar sem landið er snautt af hefðbundnum orkugjöfum. Nú hefur fyrirtækið Haldor Topsøe A/S til- kynnt að það muni setja 1,1 milljarð í þróun og uppbyggingu framleiðslu- vers fyrir umhverfisvænan rafmagns- orkugjafa.



Orkugjafinn er eiginleg rafhlaða sem myndar straum með súrefnisjónum í stað rafeinda. Tæknin er nokk- uð flókin en útkoman einföld; kröft- ugur, umhverfisvænn og hljóðlátur orkugjafi sem tilvalinn er í bíla. Það sem meira er verður framleiðslan til- tölulega ódýr, sem er þegar öllu er á botninn hvolft einn mikilvægasti hvat- inn fyrir umhverfisvernd. Hún verður að borga sig fyrir alla aðila, bæði um- hverfið sem og neitendur og fram- leiðendur.

- tg

SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep

CHRYSLER

DODGE

BÍLJÖFUR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatarar - perur
 viðgerðir - sala
 hröð og góð þjónusta
 Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Lukkuleikur

Vísir að góðum degi!

SKAFA

HÉR

Skafðu og þú gætir unnið
 150.000 kr. ferðaávísun!

Yfir 1.000 glæsilegir
 aukavinningar í boði!
 Taktu þátt á [www.visir.is](#)

www.visir.is

VÍSIR

Fyrstur með fréttirnar!

allt

bílar

Alla laugardaga

Gæði á góðu verði

Daewoo lyftarar

Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáuglýsingar sem allir sjá

Nýjum Cee'd sport-bíl beint gegn TT

KIA ætlar enn að færa sig upp á skaftið og í þetta skiptið að keppa við Audi TT. Sami maður hannaði TT og nýja bílinn.

Kia hefur aldrei farið hefðbundnar leiðir og vilja margir meina að þar liggi styrkur fyrirtækisins. Það hefur verið duglegt að taka áhættu og oft hefur það endað í dómsmálum. Á bílasýningunni í Genf frumsýndi Kia nýjan hugmyndabíl sem fara mun í framleiðslu árið 2009 og er hann þegar farinn að valda deilum.

Nýi bíllinn kallast excee'd og er partur af cee'd-línunni sem Kia bindur miklar vonir við. Bíllinn er blæjubíll og fer Kia ekki leynt með að honum sé beint gegn Audi TT. Hugmyndasmiður bílsins er Peter Schreyer, en hann hannaði einnig upprunalega TT-bílinn. Sömu leiðis kallaðist excee'd snjókorn á þróunarstigi, en þegar TT var



Sumir segja að KIA hafi átt að vera sportarmur Hyundai, aðrir að átt hafi að framleiða ódýra og einfalda bíla. Hvorugt á við framleiðslu þeirra í dag, en með excee'd virðist KIA vera að færest nær sportbílaflokknum.

á sama stigi kallaðist hann regndropi. Fyrst menn eru í keppni finnst Kóreubúunum greinilega óþarfi að fela það.

Kia excee'd verður fánlegur með framhjóla- eða fjórhjóladrifi og verður vélin ný 2,0 lítra bensín-vél með forþjöppu.



KIA excee'd er töluvert frábrugðinn Audi TT í útliti.

Flest okkar ráð snúast um ábyrgð og notaða bíla

Félag íslenskra bifreiðaeigenda býður félagsmönnum sínum upp á aðstoð og ráðgjöf við bifreiðakaup þar sem spurningar um ábyrgð og leynda galla eru algengastar.

„Ráðgjöfin snýst um ýmis mál sem koma upp í bílaviðskiptum þar sem flestir eru að leita ráða varðandi kaup á notuðum bílum eða spyrja um ábyrgð á nýjum bílum,“ segir Ævar Friðriksson, tæknimaður hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda.

Flest tilfelli snúast um bílun á notuðum bílum og þá reynir tæknimaður að gera fólki grein fyrir stöðu sinni eða leita sátta milli kaupadila. Við kaup á nýrri bílum snúast spurningar oftast um hvað ábyrgðin nær yfir.

„Ábyrgðartíminn hefur lengst og við það fjölga vafaatriðum þar sem mörkin milli leyndra galla og ábyrgðar verða óljósari,“ segir Ævar.

Í samvinnu við Bílgreinasambandið er tæknimaðurinn einnig sáttamaður í ágreiningsmálum milli neytenda annars vegar og verkstæða og innflytjenda innan Bílgreinasambandsins hins vegar.

Þar er tæknimaður faglega viðurkenndur „gerðardómari“ í ágreiningsmálum, bæði af bifreiðaeigendum og bílgreininni.

Hjá félaginu er einnig boðið upp á tækniráðgjöf varðandi viðgerðir en að sögn Ævars fer slíkum málum fækkandi hjá félaginu.

„Bílarnir eru orðnir mjög sérhæfðir og það þýðir lítið að kíkja undir húddið til að leita að bilunum. Til þess þarf bilanagreinitölvu fyrir viðkomandi bíl, en þær er að finna á verkstæðum og hjá viðeigandi umboðum,“ segir Ævar, sem hvetur fólk eindregið til að kanna umfang og viðgerðarkostnað á eldri bílum áður en hafist er handa.

„Viðgerð á eldri bílum getur



Ævar Friðriksson, tæknimaður hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, gefur góð ráð um kaup á notuðum bílum.

verið mjög kostnaðarsöm og það er mikilvægt að fólk láti vita áður en viðgerðin hefst hversu miklu það vill eyða,“ segir Ævar.

Félagsmönnum er bent á að

panta tíma hjá tæknimanni félagsins á skrifstofutíma; alla virka daga frá klukkan 8.15-16.30. Allar nánari upplýsingar: www.fib.is

rh@frettabladid.is

Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT



Með Frettablaðinu alla miðvikudaga

Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2

Markaðurinn á Vísi alla daga

VIÐSKIPTAFRÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR

Réttu notuðu vélarnar í verkið!



Hitachi Zaxis 18
Árg. 2005
Notkun 950
Vinnust.



O&K RH 1,48
Árg. 2001
Notkun 3200
Vinnust.



JCB 8045
Árg. 2006
Notkun 170
Vinnust.



HMF
1580 krani
Árg. 1997
Notkun 170
Vinnust.



Case CX100
Árg. 1999
Notkun 4900
Vinnust.



Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 412 3000
www.sturlaugur.is

www.sturlaugur.is



Ert þú að komast yfir lesefnið?

“Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!”
Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.
“Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf.”
Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.
“Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi.”
Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, krefjandi, skemmtilegt, góð þjónusta.

Fermingargjöf með æviábyrgð – uppl. á www.h.is

6 vikna námskeið hefst 17. apríl (20 - 22)

3 vikna hraðnámskeið hefst 13. apríl (17-20)

Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin á www.h.is og í síma 586-9400



VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK



NÁM Í DANMÖRKU

Hjá VITUS BERING í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.

Í boði er:

Á ensku og dönsku

- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

Á ensku

- Framleiðslutækni
- Útflutningstækni


Á dönsku

- Véltaekni
- Véltaekni
- Landmælingar
- Tölvutækni
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatækni

Fulltrúar skólans, Jørgen Rasmussen og Johan Eli Ellendersen verða á Íslandi (Hótel Plaza) frá 23.mars til 30.mars. Þeir sem hafa áhuga geta haft samband, hringið í síma 5901400, leggið inn skilaboð og við munum hringja tilbaka, eða hringið beint í Johan í síma 8458715.

UNIVERSITY COLLEGE -
VITUS BERING DENMARK
CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSSENS
TEL. +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5100
EMAIL: UC@VITUSBERING.DK.

www.vitusbering.dk/uc



– smáauglýsingar sem allir sjá



Nemar í ólíkum iðngreinum munu etja kappi í Kringlunni næsta föstudag. Kringlugestir eiga því von á að rekast á trésmíði, rafvirkja og hágreiðslufólk að störfum á miðju gólfi.

Gerðu betur í Kringlunni

Nemar í trésmíði, rafvirkjun, ljósmyndun, hágreiðslu, dúkalögn og fleiri iðngreinum munu keppa á Íslandsmóti iðnnema í Kringlunni næsta föstudag.

Íslandsmót iðnnema „Gerðu betur“ verður haldið næsta föstudag í Kringlunni á Degi iðn- og starfsmenntunar. Keppt verður í ellefu iðngreinum yfir allan daginn og verður Kringlan undirlögð enda þurfa nemarnir sitt vinnusvæði og verða trésmiðirnir til dæmis með 18 hefðbekki.

„Við vildum auka sýnileikann og því höfum við haldið Íslandsmótið í verslunarmiðstöðvum síðastliðin ár,“ segir Gyða Dröfn Tryggvadóttir verkefnastjóri Íslandsmóts iðnnema „Gerðu betur“ sem haldið verður í Kringlunni á föstu-



Gyða Dröfn Tryggvadóttir verkefnastjóri segir þá staðreynd að Íslandsmót iðnnema sé haldið í verslunarmiðstöð auka spennuna og gera keppnina sýnilegri almenningi.

Sextán nemendur sýna

NEMENDUR MYNDLISTASKÓLANS SÝNA VERK Í SAL BÓKA-SAFNS SELTJARNARNESS.

Nemendur Myndlistaskólans MYND-MÁLS undirbúa nú list-sýningu af kappi.

Myndlistaskólinn MYND-MÁL hefur verið starfræktur á Seltjarnarnesi í 22 ár og er á Látraströnd 7. Fjölmargir hafa stundað nám við skólann þar sem aðaláhersla er lögð á undirstöðuatriði í myndlist og nemendur fást við málverkið í hinni fjölbreytilegustu mynd. Sýningin í sal Bókasafns Seltjarnarness verður sýnishorn af þeirri vinnu. Hún hefst föstudaginn 23. mars klukkan 17 og verður opin alla virka daga á opnunartíma safnsins kl. 10-19 og laugardaga kl. 11-14, en lokuð á sunnudögum.



Nemar í dúkalögn munu sníða klukku á gólfi Kringlunnar. Þessi mynd var tekin á mótinu í fyrra.

Nú hef ég ekki séð Mýrina (og skammast mín fyrir að segja það) og því hafði ég ekki upplifað tónlistina á þessari plötu í hennar rétta umhverfi. Kannski er samt ekki best að kalla kvikmyndina rétta umhverfi tónlistarinnar, það hlýtur að vera eðli tónlistar að geta staðið ein og sér. Réttara væri að kalla Mýrina upprunalegt umhverfi tónlistarinnar.

Ög tónlistin við Mýrina nær svo sannarlega að standa ein og sér. Hér eru reyndar komin lög sem flestir ef ekki allir Íslendingar ættu að þekkja; Á Sprengisandi, Sveitin milli sanda, Dagný og Malakoff til þess að nefna nokkur. En þá komum við að enn öðru vandamálinu sem Mugison þarf að gjöra svo vel að leysa. Því ekki eru þetta eingöngu lög í styttri kantinum sem eiga að þjóna kvikmynd, heldur einnig lög sem þarf að útsetja þannig að spennandi þyki. Og þar tekst Mugison sérdeilis vel upp.

Kórútsétingarnar eru sérstaklega spennandi, þótt ótrúlegt megi virðast; dökkar og kröftugar. Greinilegt er að vandað hefur verið sérstaklega til verks við upptökurnar því hljómurinn skilar sér á einstakan hátt. Sofðu unga ástin mín er líklega besta dæmið um þetta en tilfinningin er líkt og maður standi í nistingskulda á miðju Silfurtorginu á Ísafirði og hlusti. Hér eru líka vanir menn á ferð, Fóstbraður, Hljómeysi og Lög-reglukórinn, ekki amalegt það. Erfitt er að nefna ákveðin lög sem standa upp úr en Davíðssálmurinn Heyr, ó Guð raust mína og gamla þjóðlagið Svefnfræ fá sérstakt lof. Óskar Pétursson sýnir síðan einstaka hæfileika í einsöngnum við lagið Áfram



TÓNLIST
Mýrin
Mugison
★★★
Vönduð kvikmyndatónlist og sígildar perlar fá margar hverjar nýtt líf í dökku-um útsetningum Mugisons. Líður þó fyrir fábreytileikann.

vegin. Frumsömdu lögin eru líka eftirtektarverð.

Platan hefur þó þann galla að vera til lengdar fábreytileg, enda á plötunni 25 lög, mörg hver keimlík og sum lögin birtast oftar en einu sinni í misólkum útgáfum. Inn á milli heyrast þó lög sem bregða útaf vananum en tilheyra þó heildinni. Hefði samt ekki alveg mátt velja færri lög á plötuna og jafnvel bæta einhverju við útvöldu lögin, þarf öll platan endilega að hljóma alveg eins og í sjálfri myndinni? Í heild sinni ber platan þó með sér heillandi sjarma sem erfitt er að líta fram hjá.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Lotus Professional pappírsvörur

Glæsilegt yfirbragð við öll tækifæri

Halldór Sigdórsson
Þjónn, aðstoðarverslunarstjóri hjá RV

Á tilboði í mars 2007
LinStyle servíettur og dúkar, JustOne servíettur og servíettubox

2.388 kr.
JustOne startpakki servíettubox og 600 servíettur

794 kr.
LinStyle servíettur 40x40cm, 50stk

2.631 kr.
LinStyle dúkar 1,2x20m á rúllu

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV

Síðasta tækifærið

Ólöf Arnalds heldur útgáfutónleika ásamt fríðu föruneyti á Nasa í kvöld. Ólöf gaf á dögunum út sína fyrstu sólóplötu, Við og við, sem hefur fengið mjög góðar viðtökur. Hefur hún m.a. vermt topp tflu lista Tónlistans undanfarnar vikur.

„Ég ætla að spila plötuna í heild sinni með öllum útsetningum og jafnvel einhverjum viðbótum,“ segir Ólöf. Bætir hún því við að líklega muni fólki ekki gefast tækifæri til að heyra plötuna spilaða aftur í heild sinni á tónleikum því erfitt sé að safna fólki saman til að spila lögin.

Strengjakvartett mun aðstoða Ólöfu á tónleikunum auk þess sem spilað verður á kassabassa, horn, básúnu og klarinett. Einnig koma fram þeir Róbert Sturla Reynisson á gítar, Kjartan Sveinsson úr Sigur Rós á pianó og orgel og Eiríkur Orri Ólafsson á trompet.



ÓLÖF ARNALDS
Ólöf, sem spilaði nýverið við opnun á íslenskri hönnunarsýningu í Berlín, segist vera hæstánægð með viðbrögðin við sinni fyrstu plötu. „Maður getur ekki annað en verið mjög ánægður. Þetta voru miklu betri viðbrögð en ég þorði að vona.“

Næst á dagskrá hjá Ólöfu eftir útgáfutónleikana eru tónleikar í Danmörku á vegum 12 Tóna og á listahátíð í Kanada sem er tileinkuð íslenskum listamönnum.

Húsið verður opnað í kvöld klukkan 20.00 og hefjast tónleikarnir klukkutíma síðar. Miðaverð er þúsund krónur.

- fb

> Logi með 30 stig gegn toppliðinu

Logi Gunnarsson skoraði 30 stig gegn toppliði Joensuun Kataja í finnsku úrvalsdeildinni í körfubolta og var maðurinn á bak við óvæntan 32 stiga útisigur ToPo Helsinki, 68-100. Logi kom sjóðheitur inn af bekknum og setti niður 11 af 20 skotum sínum, þar af 8 af 14 skotum fyrir utan þriggja stiga línuna. Logi er allur að ná sér á strik eftir að hafa glímt við meiðsl og veikindi og hefur skorað 50 stig í síðustu tveimur leikjum. ToPo Helsinki er nú í 4. sæti deildarinnar, 16 stigum á eftir Joensuun Kataja.



GUÐJÓN BALDVINSSON: HÆTTUR AÐ ÆFA MEÐ STJÖRNUNNI OG STAÐA HANS Í MIKLUM HNÚT

Vilja skemma framtíð mína í fótbolta

Knattspyrnumaðurinn Guðjón Baldvinsson segir að allt stefni í að hann muni ekki spila aftur fyrir Stjörnuna þrátt fyrir að hann eigi tvö ár eftir af samningi sínum við félagið. Hann fundaði með forráðamönnum liðsins í fyrradag. „Þar fékk ég þau skilaboð að annaðhvort klári ég samninginn eða hætti í fótbolta,“ sagði Guðjón við Fréttablaðið. „Eftir þennan fund með Snorra Olsen, formanni knattspyrnudeildar, er ljóst að óbreyttu ástandi mun ég ekki spila fótbolta næstu tvö árin.“ Guðjón hefur æft með nokkrum liðum á meginlandi Evrópu í vetur en þegar ljóst varð að hann yrði áfram hér á landi var hann helst orðaður við Víking og Fylki. Fréttablaðið hefur sterka vitneskju um að Víkingar hafi lagt fram þriggja milljóna króna tilboð í Guð-

jón og að Fylkismenn hafi verið reiðu-búnir að fara enn hærra. Þessi tvö félög gerðu tilboð í síðustu viku og jafnvel eitt eða tvö til viðbótar, þeirra á meðal Keflavík. „Ég veit að þeir eru að ljúga í opið geðið á mér þegar þeir segja að engin skrifleg tilboð liggi fyrir í mig. Ég veit að það er lygi.“ Guðjón hætti í síðustu viku að æfa með Stjörnunni og segir hann að hann muni ekki mæta aftur á æfingar þar. „Ég er mjög reiður og pirraður vegna ástandsins. Ég stóð með liðinu þegar það féll og átti svo stóran þátt í því að liðið komst aftur upp í

1. deildina. Svo þegar kemur að því að hugsa um mína hagsmuni þá virðist enginn möguleiki vera á því. Ég get ekki ímyndað mér að ungir og efni-legir leikmenn eigi eftir að gera langa samninga við Stjörnuna í framtíðinni þegar þeir koma svona fram við leikmenn félagsins. Þeir virðast hafa tekið þá ákvörðun að skemma fyrir mér næstu árin í fótbolta.“ Guðjón bætti því við að allir í kringum sig væru forviða á vinnubrögðum stjórnaðarinnar. „En það er afskaplega lítið sem ég get gert. Þeir segja að ég eigi tvö ár eftir af samningi mínum og verði að standa við það.“



ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Iceland Express-deild karla:

KR-ÍR	91-78
Stig KR:	Fannar Ólafsson 22, Jeremiah Sola 20 (4 varin, 7 fráköst), Tyson Patterson 17 (14 fráköst, 10 stoðs., 4 stolnir), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 15, Brynjar Björnsson 5, Skarphéðinn Ingason 5, Edmund Azemi 4, Darri Hilmarsson 3.
Stig ÍR:	Hreggviður Magnússon 21, Eiríkur Öundurson 14, Nate Brown 14 (10 fráköst, 7 stoðs.), Sveinbjörn Claessen 12, Keith Vassell 9 (4 f 14 í skotum), Ómar Sævarsson 6, Steinar Arason 6.
SKALLAGRÍMUR-GRINDAVÍK	81-97

DHL-deild kvenna:

STJARNAN-GRÓTTA	21-21
Mörk Stjörnunnar (skot):	Alina Petrace 6 (13), Rakel Dögg Bragadóttir 5/3 (10/4), Kristín Clausen 3 (3), Anna Bryndis Blöndal 3 (3), Sólveig Lára Kjærnested 3 (6), Kristín Guðmundsdóttir 1 (3), Elisabet Gunnarsdóttir (3/1), Jóna Margrét Ragnarsdóttir (6).
Varin skot:	Florentina Grecu 23.
Mörk úr hraðaupphlaupum:	4 (Kristín C. 3, Sólveig Lára 1).
Fiskuð víti:	5 (Elisabet 3, Rakel 1, Sólveig 1).
Utan vallar:	4 mínútur.
Mörk Gróttu (skot):	Natasa Damljanovic 6/4 (9/4), Arndís María Erlingsdóttir 4 (7), Sandra Paegle 3 (8), Eva M. Kristinsdóttir 3 (11), Kristín Þórðardóttir 2 (4), Ragna K. Sigurðardóttir 1 (2), Anna Ú. Guðmundsdóttir 1 (3), Eva B. Hlööversdóttir 1 (4).
Varin skot:	Íris Björk Simonardóttir 18.
Mörk úr hraðaupphlaupum:	5 (Arndís 2, Natasa 1, Sandra 1, Kristín 1).
Fiskuð víti:	4 (Eva M. 1, Kristín 1, Anna 1, Eva B. 1).
Utan vallar:	10 mínútur.
HK-VALUR	29-27

STAÐA EFSTU LIÐA

STJARNAN	19	16	1	12	592-382	33
GRÓTTA	20	13	3	4	506-441	29
VALUR	20	13	2	5	535-472	28
HAUKAR	19	12	1	6	535-476	25
HK	19	8	1	10	523-577	17



ALONSO Meistarinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Formúla 1 farin af RÚV:

Verður í opinni dagskrá á Sýn

FORMÚLA EITT Sjónvarpsstöðin Sýn hefur tryggt sér sýningarréttinn á Formúlu 1 kappakstrinum næstu þrjú árin eða frá ársbyrjun 2008 til loka ársins 2010.

Sýn stefnir að því að bjóða upp á öfluga sjálfstæða dagskrárgerð í tengslum við Formúluna en útsendingar frá keppnunum sjálfum og tímatöku verða í opinni dagskrá.

KR með viljann að vopni

Baráttuglaðir KR-ingar unnu sanngjarnan og sannfærandi sigur á ÍR í gær, 91-78, í oddarimmu liðanna um sæti í undanúrslitum þar sem þeir mæta Snæfelli.

KÖRFUBOLTI Það verða KR og Snæfelli sem mætast í öðru undanúrslitaeinvíginu í Iceland Express-deild karla. KR var mun viljugra og grimmara liðið og uppskar klárlega eins og það sáði í gær. Bæði lið mættu mjög ákveðin til leiks og það var barist hart um hvern einasta bolta. Leikmenn voru heitir og tveir leikmenn fengu tæknivillu í fyrsta leikhlutanum fyrir smá ryskingar.

Hittni ÍR-inga í leikhlutanum var með hreinum ólíkindum en það datt nánast allt niður hjá Breiðhyllingum. Staða ÍR eftir fyrsta leikhlutann var góð, 18-29.

Það var engu líkara en leikmenn ÍR hefðu verið teknir úr sambandi á milli leikhltu því þeir voru hreinlega ekki með fyrstu sex mínútur annars leikhltu. Þá skorðu þeir aðeins tvö stig og þegar KR var komið yfir, 33-31, var Jóni Arnari Ingvarssyni, þjálfara ÍR, nóg boðið og hann tók leikhlé.

Það reyndist góð ákvörðun því honum tókst að vekja sína menn í leikhléinu sem tóku við sér. ÍR-ingar náðu að taka forystuna á ný og leiddu með fjórum stigum í leikhléi, 39-43.

Leikur ÍR-inga beið algert skipbrot í þriðja leikhltu sem KR vann 25-5. Rétt eins og í öðrum leikhlutanum tók það ÍR um sex mínútur að skora. Fyrstu stigin komu þar að auki af vítalínunni. Jón Arnar tók ekki leikhlé fyrr en tæpar fimm mínútur voru liðnar af leikhlutanum og á einhvern óskiljanlegan hátt datt honum ekki í hug að gera það aftur í leikhlutanum. KR var með pálmann í höndunum þegar einn leikhlti var eftir, 64-48.

Það var sami vandræðagangurinn á ÍR framan af síðasta leikhlutanum og þeir lentu mest 20 stigum undir, 76-46. Þeir réttu að



GRÍÐARLEGUR FÖGNUMBUR KR-ingar börðust til sigurs í gær, hvort sem menn voru inn á vellinum eða á bekknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

eins úr kútnum um miðjan leikhlutann en það var allt of lítið og allt of seint.

Fannar Ólafsson og Jeremiah Sola áttu sannkallaðan stórleik fyrir KR. Skoruðu frábær stig og börðust eins og ljón fyrir öllum boltum. Tyson var ekki síðri en hann var með þrefalda tvennu. Pálmi Freyr átti síðan fína innkomu í þriðja leikhltu. KR-liðið virtist hreinlega vilja sigurinn meira en ÍR og þeir tóku flesta lausu boltana.

Það voru of fáir leikmenn hjá ÍR sem höndluðu pressuna í gær. Hreggviður bar af en leikmenn eins og Brown og Vassell brugðust vonum Breiðhylltinga.

„Sóknarleikur okkar gjörsamlega hrundi í þriðja leikhltu,“ sagði besti leikmaður ÍR, Hreggviður Magnússon. „Við náðum að

koma aðeins til baka en það dugði ekki til. Það er í raun ósanngjarnt að annað hvort þessara liða sé að fara heim núna. Þetta er samt gott og ungt lið þar sem kjarninn er ÍR-ingar og við munum taka fleiri titla á næstu árum.“

Fannar Ólafsson átti frábæran leik fyrir KR og hann var að vonum kátur í leikslök.

„Ég var að spila á viljanum til að vinna því ég var alveg búinn á því líkamlega. Ég ætlaði ekki að tapa hér í kvöld. Það kom ekki til greina. Við vorum tilbúnir hér í dag. Um leið og boltinn rúllar þá erum við besta liðið. Ég held að það sé ekkert lið betur undirbúið í næstu umferð en við enda vorum við að leggja erfiðara lið að velli en hin liðin,“ sagði Fannar dauðþreyttur.

- hbg / - 66j



STOPP Kristín Þórðardóttir reynir að stöðva Alinu Petrace, leikmann Stjörnunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Stjarnan og Gróttu skildu jöfn:

Stálheppnir Stjörnumenn

HANDBOLTI Topplið Stjörnunnar og lið Gróttu gerðu jafntefli í Garðabænum í gær, 21-21, í toppleik DHL-deildar kvenna. Gróttu var með undirtökin lengst af en Stjarnan byrjaði betur í síðari hálfleik. Gróttu náði sér þá aftur á strik og mikil spennu ríkti á lokamínútum leiksins.

Stjörnumenn jöfnuðu metin með marki Sólveigar Láru Kjærnested þegar fáeinar sekúndur voru til leiksloka en geta prisað sig sæla því á síðustu tveimur mínútunum var tveimur leikmönnum Gróttu vísað af velli fyrir afar litlar sakir.

Markverðir liðanna áttu stórleiki í gær, sér í lagi Florentina Grecu í marki Stjörnunnar. Hún varði 23 skot í leiknum og var með alls 53% markvörslu.

Gróttu var með þriggja marka forystu í hálfleik, 12-9, en Stjarnan svaraði með frábærum leikkafla í upphafi þess síðari, 6-1. Gróttu lét þó ekki segjast og var óheppið að vinna ekki.

- esá

Grindavík komið í undanúrslit Íslandsmótsins í körfubolta og mætir þar meisturum Njarðvíkur:

Grindavík vann báða leikina í Borgarnesi

KÖRFUBOLTI Grindavík tryggði sér í gær sæti í undanúrslitum Íslandsmótsins í körfubolta með 97-81 sigri á Skallagrími í Borgarnesi. Frábær fyrri hálfleikur og sterkur lokakaflí færði gestunum sigurinn og munu þeir mæta Íslandsmeisturum Njarðvíkur í undanúrslitum. Grindavík vann þar með báða leiki sína í rímmunni við Skallagrím í Borgarnesi en tapaði á heimavelli.

Grindvíkingar mættu gríðarlega ákveðnir til leiks í fjósinu og komust í 5-13 þar sem Páll Axel setti tvo þrista úr mjög erfiðum færum. Grindvíkingar voru áberandi grimmari, hittu mjög og hirtu samt slatta af sóknarfráköstum. Þeir Jonathan Griffin og Adam Darboe voru mjög góðir hjá Grindavík, sem var yfir 13-29 eftir fyrsta.

Jovan skoraði sína fyrstu körfu fyrir Skallagrím í upphafi annars leikhltu en Grindvíkingarnir héldu áfram að hitta ótrúlega vel og juku forskot sitt jafnt og þétt í 44-20.

Ef ekki hefði verið fyrir stórleik Darrell Flake hefðu Skallarnir líklega tapað leiknum í fyrri hálfleik, því Flake fór hamföllum í öðrum leikhltu. Aðrir leikmenn Skallagríms náðu sér ekki á strik fyrr en leikur liðsins small saman á lokamínútunum í hálfleiknum og lög-

uðu stöðuna – 38-50.

Heimamenn héldu áfram á sömu braut í þriðja leikhltu og voru á skömmum tíma búnir að minnka muninn í fimm stig. Það sem meira er, Darrel Flake fékk að hvíla sig á bekknum um stundarsakir sem var dýrmætt fyrir Skallagrímismenn.

Heimamenn náðu að minnka muninn enn frekar í upphafi þess fjórða. Þá tók Páll Axel Vilbergsson til sinna ráða og skoraði afar mikilvæg stig auk þess sem hann tók dýrmæt fráköst.

Þetta þýddi að Grindavík komst í nýu stiga forystu þegar þrjár mínútur voru eftir. Heimamenn tóku þá óskynsamlegar ákvarðanir í sókn og skömmu síðar kom Páll Kristinnsson gestunum í tólf stiga forystu þegar skammt var til leiksloka. Þar með var sigur gestanna tryggður og Skallarnir úr leik.

- sb / esá



JOVAN ZDRAVEVSKI Sækir hér að vörn Grindavíkurliðsins.

VIKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN



Hádegisfundur ÍSÍ Hagrænt gildi íþróttar!

Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands býður upp á hádegisfund föstudaginn 23. mars nk. kl. 12.00-13.00 í sal E í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Þóris Lilja Gísladóttir mun fjalla um ofangreint efni og svara athyglisverðum spurningum í umfjöllun sinni.

Frekari upplýsingar má finna á **www.isi.is**

Eru íþróttir þjóðhagslega hagkvæmar? Hvers virði er sjálfbærleiki íþróttar? Hvað er sjálfbærleiki íþróttar umfangsmikið?



ÚRSLITASTUNDIN NÁLGAST

X-FACTOR - í beinni á föstudag kl. 20:30



HARA
SÖNGHÓPUR



GÍS
SÖNGHÓPUR



GUÐBJÖRG
YNGRI EN 25 ÁRA



JOGVAN
ELDRI EN 25 ÁRA

NÝTT AFSLÁTTARKERFI



5%

Ein áskriftarstöð að eigin vali
5% afsláttur af grunnverði.
Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.



20%

Tvær áskriftarstöðvar að eigin vali
20% afsláttur af grunnverði.
Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.



25%

Þrjár áskriftarstöðvar að eigin vali
25% afsláttur af grunnverði.
Stöð 2, Sýn og Fjölvarp.

**M12 áskrifendur fá bestu kjörin
og njóta mestu viðbótarþjónustunnar.**

M12 áskrifendur
Stöðvar 2

Stöð 2 plús
Stöð 2 bíó
Stöð 2 bíó plús
Sirkus
Sirkus plús

M12 áskrifendur
Sýnar

Sýn plús
Sýn Extra 1
Sýn Extra 2

RICKY GERVAIS

Ricky ólst upp í fremur fátækri, sex manna fjölskyldu í Reading. Faðir hans er frá Quebec en kom til Englands sem hermaður í síðari heimsstyrjöldinni. Ricky lauk BA-gráðu í heimspeki frá University College of London árið 1979 og kynntist stuttu síðar maka sínum, þáttaframleiðandanum Jane Fallon. Ricky starfaði við ýmislegt áður en hann varð frægur fyrir þættina The Office. Hann var meðal annars aðalsöngvari hljómsveitarinnar Seona Dancing, umboðsmaður hljómsveitarinnar Suede og þáttastjórnandi útvarpsstöðvarinnar Xfm. Ricky er nú kominn með nýja þætti, Extras, sem sýndir eru í Sjónvarpinu kl. 21.25.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á ÓVENJULEG KVIKMYNDAVERÐLAUN

Hryllingur í hávegum hafður

Óvenjuleg kvikmyndaverðlaun voru afhent á sjónvarpsstöðinni Sirkus um helgina. Þar söfnuðust saman helstu hryllingsmyndaáhuga- og atvinnu-menn í Hollywood til að fagna uppskeru liðins árs.

Hátíðin var ágætis skemmtun og gaman var að sjá fólk úr áhorfendaskaranum bregða sér í allra kvikinda líki, auk þess sem klæðaburður og hárgreiðsla margra viðstaddra var afar óhefðbundin. Þessi verðlaunahátíð var ágætis mótvægi við Óskarsverðlaununum þar sem formlegheitin eru í fyrirrúmi og allir eru nokkurn veginn steyptir í sama form.

Mig grunar samt að leikstjórnarnir og vinirnir Quentin Tarantino og Robert Rodriguez hafi skipulagt hátíðina. Þrjár aðalleikkonur væntanlegrar myndar þeirra, Grindhouse, voru kynnar hátíðarinnar, sýnt var veglegt sýnishorn úr myndinni og þeir fengu heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til kvikmynda-



QUENTIN TARANTINO Tarantino kynnti nýjustu mynd sína á hryllingsmyndaverðlauninum.

listarinnar í gegnum árin þar sem brot úr þeirra bestu myndum voru sýnd. Hljómar dálítið grunsamlega.

Hvað sem því líður þá var gaman að fylgjast með svona öðruvísi hátíð þar sem fólk var ófheimið við að sleppa fram af sér beislinu. Athygli vakti hve þeir sem stigu á svið voru meðvitaðir um hversu ógeðslegar margar af þessum hryllingsmyndum sem koma út í dag eru og virtust bara ánægðir með að sífellt væri reynt að ganga fram af áhorfendum með enn ljótari atriðum en áður.

Það sem þetta fólk áttar sig kannski ekki á er að á meðan áherslan verður lögð á að gera hryllingsmyndir sífellt ógeðslegri verður innihaldið sífellt rýrara og spennan minni. Áhorfendur verða ónæmir fyrir viðbjóðnum og fara á endanum að spyrja sig hvers vegna í ósköpunum þeir borguðu sig inn á þessi ósköp.

EKKI MISSA AF



► **20.10 Ljóta Betty** SJÓNVARPIÐ



► **22.00 Medium** STÖÐ 2



► **21.00 Britain's Next Top Model** SKJÁREINN



► **22.20 Supernatural** SIRKUS



► **22.00 People I Know** STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Suðandi stuð (6:21)
18.23 Sígildar teiknimyndir (26:42)
18.30 Herkúles (25:28)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
► **20.10 Ljóta Betty** (6:22)

Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.

20.55 Nægtaborð Nigellu (12:13)

Bresk matreiðsluþáttaröð þar sem eldhúsgyðjan Nigella Lawson snarar fram gimilegum krásum.

21.25 Aukaleikarar (6:6)

Bresk gamanþáttaröð eftir Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfunda Skrifstofunnar. Aðalhlutverk leika Ricky Gervais og Ashley Jensen en auk þess koma þekktir leikarar fram í eigin persónu.

22.00 Tíufréttir

22.25 Íþróttakvöld

22.40 Skrautskrift II

Uppþaka frá sýningu Skýjahliðsdansleikhússins á Taívan á verkinu Skrautskrift II eftir Lin Hwai-Min, stofnanda og stjórnanda leikhússins. Tónlistin er eftir John Cage.

23.45 Kastljós

00.20 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Boat Trip
08.00 Home alone 2
10.00 Legally Blonde 2
12.00 Beauty Shop
14.00 Home alone 2
16.00 Legally Blonde 2
18.00 Beauty Shop
20.00 Boat Trip
► **22.00 People I Know** Aðalhlutverk. Al Pacino, Kim Basinger, Ryan O'Neal, Téa Leoni. Bönnuð börnum.
00.00 The Ring 2
02.00 Slackers
04.00 People I Know



SIRKUS TV

18.00 Insider (e)
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Britney and Kevin. Chaotic
20.00 American Inventor
21.30 Smith

Bobby virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. Hann er með góða vinnu, giftur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem fæstir vita er að Bobby er einnig þjófur. Og engin venjulegur þjófur. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starsky and Hutch).

► **22.20 Supernatural**

Spennubættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.

23.10 Insider

Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.

23.35 Da Ali G Show (e)

00.05 My Name Is Earl 2 - NÝTT (e)

00.35 Gene Simmons. Family Jewels

01.05 Sirkus Rvk (e)

01.35 Entertainment Tonight

02.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Melrose Place (e)
14.45 Vörutorg
15.45 Innlit / útlit (e)
16.45 Beverly Hills 90210
17.30 Melrose Place
18.15 Rachael Ray
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Will & Grace (e)
20.00 Love, Inc. - Lokapáttur

Gamanþáttur um stefnumótapjónustu sem hjálpar lánlausum gaurum að finna stefnumótatæknina fyrir stóru stundina.

20.30 Fyrstu skrefin (4:12)

Frábær þáttaröð um börn, uppeldi þeirra og síðast en ekki síst hlutverkum foreldra og annarra aðstandenda. Helena litla greindist með krabbamein í ágúst 2005 og líf fjölskyldu hennar tók miklum breytingum. Við fylgjumst með ótrúlegri sögu þessara yndislegu og sterku fjölskyldu sem lætur ekkert buga sig.

► **21.00 Britain's Next Top Model** (4:10)

Stelpurnar fara í leiklistarkennslu og fara í áheymarprufu fyrir auglýsingu.

22.00 Jericho (7:22)

Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandarískum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.

22.50 Everybody Loves Raymond

23.15 Jay Leno

00.05 Close to Home (e)

00.55 The Silvia Night Show (e)

01.25 Vörutorg

02.25 Beverly Hills 90210 (e)

03.10 Melrose Place (e)

SKJÁR SPORT

07.00 Að leikslokum (e)

14.00 Reading - Portsmouth (frá 17. mars)

16.00 Tottenham - Watford (frá 17. mars)

18.00 Everton - Arsenal (frá 18. mars)

20.00 Fiorentina - Roma (frá 18. mars)

22.00 Blackburn - West Ham (frá 17. mars)

00.00 Dagskrárlök

www.ellingsen.is



Opið fös. 8–18
lau. 10–16
sun. 12–16



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Hinn nýi lífsstíll

Hymer-hjólhýsin eru sannkölluð eðalhjólhýsi enda vantar ekkert upp á, hvorki í lúxus né þægindum. Frábær hönnun og stórkostlega útfærðar hugmyndir. Hér er hugsað fyrir öllu, jafnt í tæknibúnaði og öryggisatriðum.

Það eru ekki bara sniglarnir sem hafa húsið sitt með sér á ferðalögum.

Komdu og skoðaðu Hymer-hjólhýsin og A-húsin um helgina.



– fullt hús revintýra

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.10

Nip/Tuck

Fjórða þáttaröð þessa vinsælu þáttaraðar sem fjallar um líf og störf lýtalækna-anna og fóstbræðranna Seans McNamars og Christians Troys. Það er alltaf nóg að gera á stofunni enda ekki skortur á fólki sem er tilbúið til þess að taka áhættu í þágu útlitsins. Í þætti kvöldsins tekur Christian mikilvæga ákvörðun um framtíð þeirra Michelle en hann er ekki viss um að hann geti staðið við hana.

►Við mælum með **AUKA-LEIKARAR** Sjónvarpið kl. 21.25

Síðasti þáttur af sex í bresku gamanþáttaröðinni Extras eftir Ricky Gervais og Stephen Merchant, höfunda Skrifstofunnar. Hér er fylgst með auka-leikurum sem láta sig dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum. Aðalhlutverk leika Ricky Gervais og Ashley Jensen en auk þess koma þekktar persónur fram sem þær sjálfar, meðal annars David Bowie, Chris Martin, Orlando Bloom og Daniel Radcliffe.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn

07.00 Fréttir

07.05 Morgunvaktin

09.05 Laufskálinn

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Pipar og salt

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.03 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Vött og breitt

14.03 Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnaleg

14.30 Miðdegistónar

15.00 Fréttir

15.03 Þættir úr íslenskri leikritun: Í fullri alvöru

16.00 Síðdegisfréttir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.24 Auglýsingar

18.25 Spegillinn

18.50 Dánarfregnir og auglýsingar

19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn

20.10 Heima er best

21.00 Út um græna grundu

22.15 Lestur Passíusálma

22.21 Glæta

23.05 Fallegast á fóninn

00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

16.50 Iceland Expressdeildin 2007 (Skallagrímur - Grindavík) Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfuknattleik.

18.20 Gillette World Sport 2007

18.50 Þýski handboltinn (Þýski handboltinn 2006-2007 - Highlights) Þáttur um þýska handboltann þar sem fjölmargir Íslendingar eru í sviðsljósinu. Handboltinn nýtur gífurlegra vinsælda hjá Þjóðverjum og hallímar eru fullar eða þétt setnar á flestum leikjum.

19.20 Þýski handboltinn (Gummersbach - THW Kiel) Útsending frá leik Gummersbach og Kiel í þýska handboltanum.

20.50 NBA-úrslitakeppnin (LA Lakers - Toronto) Sýnt frá leik í NBA-körfuboltanum sem fram fór fyrr í vetur.

22.40 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifi og umdeildu atvikin.

23.25 Þýski handboltinn (Þýski handboltinn 2006-2007) Útsending frá leik í þýska handboltanum.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.00 Den lille prinsesse 6.10 Peter Pedal 6.30 Kaj og Andrea 7.00 Postmand Per 7.15 Rubbadubbers 7.30 Ud i det blå 8.00 Italienske fristelser 8.30 Smagsdommerne 9.10 Forår i skærgården 9.25 OBS 9.30 Attention småbørn 10.00 Inuit Eksperimentet - i sundhedens tjeneste 10.30 DR Explorer: Afrika - 18 grader syd 11.00 TV Avisen 11.10 Kontant 11.35 Grøn glæde 12.00 Hvad er det værd 12.25 Aftenshowet 13.20 Hammerslag 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Det Vildeste Westen 15.15 SKUM TV 15.30 Pucca 15.35 Hannah Montana 16.00 Junior 16.30 Cirkeline - Øst og kærlighed 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 17.55 Aftenshowet med Vejret 18.30 Kongehuset 19.00 Familier med DÅMP 20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 HåndboldOnsdag 22.35 Onsdags Lotto 22.40 Forbrydelsen 23.40 Arbejdsliv - find et job! 0.10 Mission integration 0.40 Boogie Update

NK1

8.25 V-cup alpint 9.00 Siste nytt 9.05 V-cup alpint 9.30 Faktor: Olje- og energimissionæren 10.00 Siste nytt 10.05 Oddasat - Nyheter på samisk 10.20 Distriktsnyheter 10.40 Fra Nordland 11.00 Siste nytt 11.05 Distriktsnyheter 11.20 Fra Møre og Romsdal 11.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsnyheter 12.20 Fra Aust- og Vest-Agder 12.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 13.00 Siste nytt 13.05 V-cup alpint 14.00 Siste nytt 14.05 V-cup langrenn 15.00 Siste nytt 15.03 V-cup langrenn 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Perspektiv: Fylla - noe å le av? 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Nysgjerrige Nils 17.15 Ugler i mosen 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Forbrukerinspektørene 18.55 Eva og Adam 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Vikinglotto 20.45 House 21.30 Migrapolis: Bamløshet 22.00 Kveldsnytt 22.15 Lydverket 22.50 Det store spranget

SVT 1

8.30 Vet hut! 9.00 Extra 9.25 Born Wild 9.30 Great thinkers of our time 10.00 Garage guld 10.30 UR-val 11.00 Rapport 11.25 Alpint: Världscupen i Lenzerheide 13.05 Mannen som visste för mycket 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Plus 16.30 Krokodill 17.00 Fifi och blomsterfröna 17.10 Förskolan Månstugan 17.20 Små spöken 17.30 Hjärnkontoret 17.45 Klister 18.00 Rea 18.30 Rapport 19.00 Packat & klart 19.30 Mitt i naturen 20.00 Stockholm live 20.30 Entourage 20.55 Liberty Heights 23.00 Rapport 23.10 Kulturyheterna 23.20 Leende guldbruna ögon 0.20 Bingo Royale 1.05 Sändningar från SVT24 5.00 Gomorron Sverige

Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Vitur er sá sem vaknar fyrr.

Úrval verslana og þjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur aldrei verið glæsilegra. Þess vegna skaltu gefa þér góðan tíma í Flugstöðinni og njóta þess að gera góð kaup.

Innrítun hefst kl. 5:00 eða tveimur tímum fyrir brottför.

ferð til fjár

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

GAMLA MYNDIN

„Ég gekk í gegnum mitt eigið pönkaratímabil sem átti að koma fram í toppnum. Ég greiddi hann upp í loftið, það voru mín mótmæli. En ég var aðeins farin að róast í því um þetta leyti.“

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari. Myndin er tekin fyrir tónleika í mars 1988.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2 staðsetning 6 belti 8 spil 9 reglur 11 tveir eins 12 gæfuleysi 14 þróunarstig skordýra 16 samtök 17 upphrópun 18 fát 20 gangþófi 21 stefna.

LÖÐRÉTT
1 einleikur 3 samanburðartenging 4 afriku dýr 5 for 7 ólöglegur 10 glaumgosi 13 titill 15 fiska 16 ái 19 tvö þúsund.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 leiga, 6 ól, 8 niu, 9 lög, 11 r, 12 ógæfa, 14 lílra, 16 aa, 17 líf, 18 fun, 20 il, 21 ismí.

LÖÐRÉTT: 1 sóli, 3 en, 4 líraff, 5 au, 7 löglaus, 10 gæi, 13 frú, 15 afia, 16 af, 19 m.

Í KVÖLD

Toggi

Á MORGUN

Kvartett Hauks Gröndal

RESTAURANT / BAR

ÞINGHOLTSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR

www.visir.is

X-factorstjarna sló í gegn í Afríku

Tónlistarmanninum Seth Sharp og undirleikara hans, Jóni Elíssyni, hefur verið boðið að spila á stórrí tónlistarhátíð í Afríku í júlí. Þeir félagar eru nýkomnir heim eftir mánaðardvöl í Afríku þar sem þeir spiluðu lög með þekktum tónlistarmönnum á borð við James Brown, Michael Jackson og Prince, auk þess sem Seth hélt tónlistarnámskeið fyrir innfædda.

„Þetta var alveg ótrúlegt,“ segir Seth um dvölina í Afríku. „Móttökurnar voru frábærar. Ég vissi ekki við hverju ég ætti að búast því ég hafði aldrei spilað fyrir Afríkubúa. Á fyrstu tónleikunum í Kongó spilaði sendiherrann í Kongó með okkur og þarna voru líka utanríkisráðherra landsins og belgíski sendiherrann. Við vorum mjög taugaveiklaðir því þetta voru fyrstu tónleikarnir og þetta var líka allt saman mjög formlegt,“ segir hann. „Þarna voru nokkur hundruð skólakrakkar að horfa á og ég held að það hafi hjálpað mér. Áhorfendurnir sungu

og öskruðu með mér og eftir tónleikana bauð menningarmálaráðherrann í Kongó okkur að syngja á stórrí tónlistarhátíð í júlí.“

Seth, sem datt út úr X-factor-keppninni hér heima fyrr á árinu, segist vera afar feginn að hafa fengið tækifærið til að fara til Afríku. „Ef ég væri enn í X-factor hefði ég aldrei fengið að vita af þessu dæmi í Afríku. Núna eigum við dyggan aðdáendahóp þar og það er eiginlega ekki hægt að bera þetta saman. Auðvitað hefði verið gaman að vinna í X-factor en það er ástæða fyrir öllu sem gerist.“

Næst á dagskrá hjá Seth er að spila með plötusnúðnum DJ Tommy White á Q-Bar á laugardaginn. Lag þeirra, Every Sunday, hefur fengið mikla athygli að undanförunu og verður kynnt á tónlistarhátíð í Miami sem nú stendur yfir. Auk þess verður smáskífa með laginu hugsanlega gefin út í Bretlandi á næstunni á vegum Sole Music.

- fb



Í AFRÍKU Seth Sharp og píanóleikarinn Jón Elísson fengu góðar viðtökur í Afríku.

SETH SHARP Seth datt út úr X-Factor fyrr á árinu.

PÁLL MAGNÚSSON: LAUN MÍN ERU TRÚNAÐARMÁL

Páll útvarpsstjóri fær ríflega launahækkun

„Ég var bara ráðinn. Og það hefur verið gerður við mig ráðningarsamningur. En hvað í þeim samningi felst er trúnaðarmál sem ég ræði ekki opinberlega,“ segir Páll Magnússon, útvarpsstjóri RÚV ohf.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hækkar útvarpsstjóri verulega í launum frá því sem verið hefur við hlutafélagavæðingu stofnunarinnar. Laun útvarpsstjóra hafa miðast við laun ríkisforstjóra sem eru í kringum 700 þúsund. En laun útvarpsstjóra RÚV ohf. eru nú sjö stafa tala. Og að sögn eins heimildarmanns blaðsins má með hlunnindum lesa launin upp í 1,3 milljónir.

Kristín Edwald situr í stjórn RÚV ohf. fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Hún vildi ekki staðfesta neitt í sambandi við samninga og vísaði á stjórnarformanninn Ómar Benediktsson. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Ómar. Sigurður Kári Kristjánsson er formaður menntamálanefndar Alþingis og sagði málin hafa verið úr sínum höndum um leið og búið var að skipa í stjórn.

Páll Magnússon segir að kaup sín og kjör muni koma á daginn með tíð og tíma þegar rétt uppgjör eru fyrirbyggjandi – eins og lög gera ráð fyrir.

„Mér þykir þetta með hreinum ólíkindum,“ segir Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingar.

„Nú rennur upp fyrir mér það að hans harða barátta fyrir að gera RÚV að hlutafélagi virðist hafa haft alveg ákveðinn tilgang. Fyrst eitt fyrsta verk hins nýja hlutafélags felst í að nánast tvöfalda laun þessa ágæta



PÁLL MAGNÚSSON Útvarpsstjórinn neitar að upplýsa hvað felst í ráðningarsamningi sínum.

manns. Ég vona að hann vinni fyrir þeim en ég held að þjóðin hefði verið fullsæmd af útvarpsstjóra sem hefði verið á svipuðum launum og aðrir ríkisforstjórar.”

Ekki koma hin nýju kjör útvarpsstjóra þeim manni á óvart sem einna harðast hefur barist gegn hlutafélagavæðingu RÚV – Ögmundi Jónassyni – sem segir þetta í takt við það sem gerist þegar opinberum stofnunum er breytt í hlutafélög. Fylgífiskur sé ævinlega sá að laun stjórn-

enda og þeirra nánustu hækki verulega.

„Sem skýrir áhuga margra stjórnenda, bæði heima og heiman, að einkavæða eða hlutafélagavæða. Þetta hefur nánast verið vinnuregla alls staðar. Og hlutafélagavæðing hefur nánast ávallt verið ávisun á auknið launamisrétti í stofnunum. Þeir háu hækka og þeir lágu lækka eða standa í stað. Bilið hefur aukist,“ segir Ögmundur. Og bætir því við að verst sé að þegar stofnun er orðin að hlutafélagi sé allt þetta komið á bak við tjöldin.

jakob@frettabladid.is

ÖGMUNDUR JÓNASSON
Segir hlutafélagavæðingu ávisun á auknið launamisrétti.

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
Segir þjóðina fullsæmda af útvarpsstjóra á svipuðum launum og ríkisforstjórar.



Fimm metra fall Dóra Gylfa í Gretti

Halldór Gylfason stendur í ströngu við æfingar á söngleiknum Gretti þessa dagana, en verkið verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu 30. mars. Halldór þarf ekki bara að þenja raddböndin í verkinu, heldur reynir töluvert á fimleikahæfileika hans líka. „Ég hef þurft að undirbúa mig líkamlega og andlega,“ sagði Halldór, sem segist hafa þurft að telja í sig nokkurn kjark. Í sýningunni þarf hann meðal annars að láta sig falla úr fimm metra hæð og treysta á að meðleikarar hans gripi hann. Hann er lítt vanur slíkum áhættuatriðum og segir traustið hafa verið algjöra undirstöðu. „Það var nú það sem varð til þess að ég

gat gert þetta. Ég horfði framan í mannskapinn og sá að ég treysti þessu fólki alveg hundrað og tuttugu prósent,“ sagði Halldór.

Hann er ekki sá eini sem þarf að láta reyna á þorið, því þeir Víðir Guðmundsson, Orri Huginn Ágústsson og Davíð Guðbrandsson þurfa jafnframt að láta til sín taka í fimleikunum. „Þeir eru búnir að vera að æfa sig í því að lenda úr háu falli,“ sagði Halldór. „Það er verið að detta og svífa og stökkva, þetta er bara þannig sjóv. Þetta er ungur, hress og ákafur leikstjóri sem vill nota allt sem til er í leikhúsinu,“ sagði hann, en fjórkálfurinn í leikstjórnastólnum er Rúnar Freyr Gíslason.

- sun



SYNGUR OG SVIFUR Halldór Gylfason þarf ekki eingöngu að láta reyna á sönginn í Gretti, heldur lætur hann einnig til sín taka í áhættuatriðum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ekki verða eins miklar breytingar á Kastljósinu og búast hefði mátt við í ljósi hinnar nýju stöðu **Þórhalls Gunnarssonar** sem yfirmanns sjónvarpssviðs RÚV ohf. Breytingar eru engu að síður í aðsigi en þær eru af völdum **Geirs Sveinssonar** handboltakappa en ekki breytinga í skipuriti stofnunarinnar. **Jóhanna Vilhjálmsdóttir**, kona Geirs, er komin að falli og strax eftir páska fer hún í óléttufri. Því verður mætt með annarri fréttagyðju því í skarðið hleypur **Brynja Þorgeirsdóttir**.



Jón Gnarr kemur víða við eins og menn víta. Og á mánudag stóð hann í stórræðum venju fremur. Hann predikaði í Krossinum og stóð sig víst svo vel, fór með himinskautum, að **Gunnar Þorsteinsson**, æðsti-prestur þar á bæ, fór að efast um stöðu sína.

Nylonstúlkunni **Steinunni Camillu** var ekki skemmt í gær þegar bandaríska slúðurvefsíðan Dlisted.com birti mynd af henni og stall-systur hennar í hljómsveitinni þar sem þær sungu á Kaupþings-skemmtun. Umrædd mynd fór víða á íslenskum spjallsíðum fyrir nokkru en netverjar vilja meina að Steinunn Camilla haldi mikrafóninum á tvíráðan hátt fyrir munni sér. Dlisted.com efndi til keppni milli lesenda síðunnar um hver byggji til fyndnasta myndatextann við umrædda mynd. Alls tóku hátt í 300 manns þátt í keppninni og voru myndatextarnir ansi krassandi margir hverjir.

- jbg/hdm



LANCÔME
PARIS

EINSTÖK TILFINNING...FULLKOMIN HÚÐ

NÝTT COLOR IDEAL

FULLKOMNAR ÁFERÐ HÚÐARINNAR – SPF 15

- > LITAKORNIN LÍKJA FULLKOMLEGA EFTIR ÞÍNUM HÚÐLIT
- > ÓVIÐJAFNANLEG, MJÚK ÁFERÐIN AÐALAGAST HÚÐINNI SAMSTUNDIS
- > EÐLILEG OG LÝTALAUS HÚÐ ALLAN DAGINN

www.lancome.com

LANCÔME KYNNINGAR Í LYF & HEILSU:

KRINGLUNNI – FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
JL-HÚSINU (HRINGBRAUT) – FÖSTUDAG
AUSTURVERI – FÖSTUDAG
EIÐISTORGI – FIMMTUDAG

KYNNSTAR VERÐA ÝMSAR SPENNANDI VÖRUR:

- > COLOR IDEAL farðinn líkir eftir þínum húðlit og fullkomnar áferð húðarinnar.
- > FATALE maskarinn gerir augnhárin gríðarlega löng og ómótstæðileg.
- > NUTRIX ROYALE kremið nærir húðina með drottningarhunangi og ver hana gegn kulda og vindi. Vel nærð húð er falleg húð.
- > RESURFACE PEEL húðslípunin gjörbreytir ásýnd húðarinnar

Líttu við og fáðu ráðleggingar út frá þínum þörfum.



GJÖFIN ÞÍN FRÁ LANCÔME*:

- > Rénergie Morpholift 15ml krem sem styrkir húðina.
- > Rénergie Morpholift Flash Lifting 10ml dropar sem styrkja og þétta húðina.
- > Rénergie Morpholift Yeux 5ml augnkrem.
- > Bi-Facil augnhreinsivökvi 30ml hentar jafnvel viðkvæmustu augum.
- > Color Focus Duo mini augnskuggar, 2 litir.
- > Snyrtibudda.

Ath. að í boði eru kaupaukar fyrir allar húðgerðir og allan aldur.

*þegar keyptar eru vörur fyrir 5.500 kr. eða meira. Á meðan birgðir endast.

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!



BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

Krækt í Kvenna-skólapíu

Þegar ég var krakki voru sýndar afar óhugnanlegar myndir um skaðsemi reykinga í niðurgröfnum bíósal Álftamýrarskóla þar sem fólk, hægfara sem hemúlar, dró á eftir sér súrefniskúta á milli þess sem það var ambúterað. Ég vissi að hvorugt myndi auðvelda mér lífið og lét því sigaretturnar eiga sig. Oft hef ég hugsað til þess hvað það hefði verið gott ef ég hefði fengið að sjá jafnsláandi myndir um skaðsemi ótæpilegrar sykurneyslu, myndir þar sem fólk hvolfir úr gosbáukunum upp í ginið á sér þar til tennurnar leysast upp í sykri og sýru. Þá hefði mér ef til vill líka tekist að halda mér frá þessu svarta pissi kapítalismans, eins og kókið var kallað í danska kollegíinu mínu hér um árið.

NÚ er sífellt verið að setja sykurlausa kóladrykki á markaðinn sem eiga að bragðast alveg eins og fyrirmyndirnar. Sá nýjasti heitir Coke Zero. Nokkuð hefur verið fjallað um markaðssetninguna á honum í blöðum að undanförunu en hann er kynntur í netmiðlum og sjónvarpi með setningum eins og þessum: „Af hverju ekki flott pía og Zero púddluhundur?“, „Af hverju ekki brjóstahaldari með Zero smellum?“ og „Af hverju ekki einkaþjálfari og Zero brúnkukrem?“

ÞESSI atriði eiga illa við íslenskan veruleika, enda er herferðin byggð á annarri útlenskri. Enn virðist að minnsta kosti langt í að púddluhundurinn verði jafnalgengur hjá ungu fólki og kúlulampinn var hjá kynslóðinni minni. Þá sjaldan smáhundar verða á vegi mínum teyma þeir oftast konur sem virðast hafa aldur til að hafa fengið skatthol úr Trésmiðjunni Víði í fermingargjöf. Hugmyndaheimur Coke Zero auglýsinganna á mun frekar við krakkana í O.C., þáttunum á Skjá einum, en þá sem nú byggja Ísafjörð, Egilsstaði og Árbæ. Bandaríkjamenn líka hafa lagt mörg kvikmyndaatriði undir klaufaskap stráksins sem ekki getur losað brjóstahaldarann af stelpunni og það er einmitt vegna þess á þeim eru EKKI smellur, heldur krækjur. Smellur væru nefnilega afskaplega einfalt fyrirkomulag. Þær eru í raun næsta skref við franskan rennilás. Ég efast líka um að orðið „pía“ sé ungu fólki enn jafntamt á tungu og hjá Ríó tríóinu hér í den.


VANDRÆÐAGANGURINN í markaðsherferð Vífilfells með Coke Zero er aftur á móti algjörlega í stíl við drykkinn sjálfan. Hann bragðast nefnilega eins og gamla Spur-ið.

MARKAÐURINN Einfalt mál

Hafiði Helgason
í hádegisfréttum
Stöðvar 2 kl. 12:12
alla virka daga



ÞÚ UPPLIFIR HREINA SNILLD



Framsækin tímamótatækni í Lexus RX400h veitir þér tvöfalda ánægju. Þú sparar eldsneyti án þess að slaka á kröfunni um framúrskarandi afköst og þú dregur úr mengun. Lexus RX400h er fyrsti kraftmikli sportjeppi í heimi sem nýtir tvinntækni (Lexus Hybrid Drive). Tvinntæknin í RX400h, byltingarkennd samsetning V6 bensínvélar og tveggja rafmótora, gefur óvenju mjúka, snögga hröðun, en er samt ótrúlega hljóðlát og sparneytin

á við smábíl. Sjáðu, snertu og prófaðu Lexus RX400h. Hann er smíðaður í þeim tilgangi að uppfylla óskir þeirra sem gera strangar kröfur til sjálfrar sín um raunhæfa umhverfisvernd og vilja nýta orkulindir jarðar á nýjan og hagkvæmari hátt. Þess vegna verður niðurstaðan gagnkvæm virðing milli þín og Lexus RX400h.



Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is